



Stöðumat vegna framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2021

Samanburður við niðurstöður könnunar frá árinu 2018

Apríl 2022



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að meta ávinning af framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks – samanburður við könnun frá árinu 2018

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2022
Skýrsluhöfundar	Ari Klængur Jónsson Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Guðbjört Guðjónsdóttir Sindri Baldur Sævarsson Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	8
FULLORÐNIR ÞJÓNUSTUNOTENDUR — HELSTU NIÐURSTÖÐUR	8
FORSJÁRADILAR FATLAÐRA BARNA — HELSTU NIÐURSTÖÐUR	11
ÚRTAK ALMENNINGS — HELSTU NIÐURSTÖÐUR	13
INNGANGUR	15
AÐFERÐ	16
ÚRTAK OG SVÖRUN KÖNNUNAR — ÞJÓNUSTUNOTENDUR OG FORSJÁRADILAR	16
ÚRTAK OG SVÖRUN KÖNNUNAR — ÞJÓÐARÚRTAK	18
ÚRVINNSLA	18
1. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FULLORÐINNA ÞJÓNUSTUNOTENDA	20
UM ÞÁTTTAKENDUR	20
AÐGENGI AÐ OPINBERUM BYGGINGUM OG ÞJÓNUSTU	24
NÁM EDA STARF	30
REYNSLA AF ÞJÓNUSTU	35
DAGLEGT LÍF	40
2. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FORSJÁRADILA BARNA	50
UM ÞÁTTTAKENDUR	50
REYNSLA AF ÞJÓNUSTU	53
SKÓLI OG VINNA	57
ANNANÐ	65
3. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL ÞJÓÐARÚRTAKS	72
UM ÞÁTTTAKENDUR	72
VIÐHORF OG ÞEKING	75
HEIMILDIR	86

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fullorðinna þjónustunotenda og forsjáraðila barna sem nota þjónustu	17
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal almennings	18
Tafla 3. Kyn svarenda	20
Tafla 4. Hvað ert þú gamall/gömul?	20
Tafla 5. Búseta svarenda	21
Tafla 6. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði á almennum markaði, íbúð á félagslegum leigumarkaði, íbúðakjarna, íbúðasambýli, herbergjasambýli, í foreldrahúsum eða með öðrum ættingjum?	21
Tafla 7. Hefur þú verið greind(ur) með eitthvað af eftirfarandi?	22
Tafla 8. Fjöldi greininga	22
Tafla 9. Nýtir þú einhverja af eftirfarandi þjónustu í dag?	23
Tafla 10. Hver svarar spurningalistanum?	23
Tafla 11. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni þessa dagana?	24
Tafla 12. Almennt í þínu sveitarfélagi, hversu gott eða slæmt finnst þér að aðgengi vera að opinberum byggingum?	24
Tafla 13. Almennt séð, hversu mikið eða lítið framboð finnst þér vera af upplýsingum á auðskildu máli?	25
Tafla 14. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna þar sem þú býrð?	27
Tafla 15. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna til að komast á milli landshluta?	28
Tafla 16. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að nálgast upplýsingar um réttindi og þjónustu?	29
Tafla 17. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum (t.d. Tryggingastofnunar ríkisins eða sveitarfélaga)?	30
Tafla 18. Hvaða menntun hefur þú lokið?	31
Tafla 19. Ert þú í vinnu, námi eða hæfingu?	32
Tafla 20. Hver tekur eða tók ákvörðun um það hvaða vinnu, nám eða hæfingu þú sækir?	33
Tafla 21. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það sem þú gerir á daginn?	35
Tafla 22. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig um þjónustu og stuðning sem þú færð?	36
Tafla 23. Er áætlunin unnin í samráði við þig?	36
Tafla 24. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir þig sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður milli þjónustukerfa?	37
Tafla 25. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni „þjónustan sem ég fæ gerir mér kleift að lifa sjálfstæðu lífi“?	38
Tafla 26. Þegar á heildina er lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá?	39
Tafla 27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það hvernig þú býrð?	40
Tafla 28. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég stýri því sjálf(ur) hvað ég geri og hvenær í daglegu lífi.	41
Tafla 29. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að fá ekki að ráða þér sjálf(ur)?	42
Tafla 30. Hefur þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei upplifað áreitni eða fordóma annarra í þinn garð?	43
Tafla 31. Upplifir þú það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að vera einmana?	44
Tafla 32. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég á í eins miklum félagslegum samskiptum og ég vil.	45
Tafla 33. Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu þínu síðasta sumar? Fórst í sumarbúðir, ferðalag innanlands án þess að gista, ferðalag innanlands þar sem var gist (hér er ekki átt við sumarbúðir) eða til útlanda?	46
Tafla 34. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Ánægja með þjónustu eða hrós.	47
Tafla 35. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar.	47
Tafla 36. Kyn barns	50
Tafla 37. Hvað er barnið gamalt?	50
Tafla 38. Hefur barnið greinst með eitthvað af eftirfarandi og ef svo er er hefur það haft mikil, nokkur eða lítil áhrif á daglegt líf þess?	51
Tafla 39. Fjöldi skerðinga	52
Tafla 40. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu heimilisins þessa dagana?	52

Tafla 41. Búseta svaranda.....	53
Tafla 42. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu og stuðning sem hún/hann fær, í skólanum eða annars staðar?.....	53
Tafla 43. Var áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna?.....	54
Tafla 44. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir hana/hann sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður á milli þjónustukerfa?.....	55
Tafla 45. Hvað þurfti barnið að bíða lengi eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti sértækan stuðning eða þjónustu?.....	56
Tafla 46. Er barnið í skóla eða vinnu?.....	57
Tafla 47. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í skólanum?.....	60
Tafla 48. Er hann/hún í frístundaþjónustu eftir skóla, í skólafríum eða bæði eftir skóla og í skólafríum?.....	62
Tafla 49. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í frístundinni?.....	63
Tafla 50. Hver er ástæða þess að hann/hún er ekki í frístund eftir skóla eða í skólafríum?.....	64
Tafla 51. Gerði barnið eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu sínu síðasta sumar? Fór í sumarbúðir, ferðalag innanlands án þess að gista, ferðalag innanlands þar sem var gíst (hér er ekki átt við sumarbúðir), til útlanda, á leikjanámskeið eða annað sumarnámskeið fyrir börn.....	65
Tafla 52. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem barnið er að fá?.....	66
Tafla 53. Forsjáraðilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Ánægja með þjónustu eða hrós.....	68
Tafla 54. Forsjáraðilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar.....	69
Tafla 55. Kyn þátttakenda.....	72
Tafla 56. Aldur þátttakenda.....	72
Tafla 57. Búseta þátttakenda.....	72
Tafla 58. Hjúskaparstaða þátttakenda.....	73
Tafla 59. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?.....	73
Tafla 60. Hver er staða þín á vinnumarkaði?.....	73
Tafla 61. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur þitt aðalstarf?.....	73
Tafla 62. Hverjar eru heildartekjur heimilisins að jafnaði á mánuði fyrir skatt?.....	74
Tafla 63. Telur þú sjálfa(n) þig vera fatlaða(n) eða er einhver í nánustu fjölskyldu þinni eða vinahópi sem tilheyrir þeim hópi?.....	74
Tafla 64. Hversu vel eða illa þekkir þú til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?.....	75
Tafla 65. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk þvælist fyrir og er oft til vandræða.....	82
Tafla 66. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég vorkenni fötluðu fólk.....	83
Tafla 67. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk stendur jafnt öðru fólk.....	84
Tafla 68. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk gefur minna af sér til samfélagsins en aðrir.....	85

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Almennt í þínu sveitarfélagi, hversu gott eða slæmt finnst þér aðgengi vera að opinberum byggingum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	25
Mynd 2. Almennt séð, hversu mikið eða lítið framboð finnst þér vera af upplýsingum á auðskildu máli? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	26
Mynd 3. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna þar sem þú býrð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	27
Mynd 4. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna til að komast á milli landshluta? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	28
Mynd 5. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að nálgast upplýsingar um réttindi og þjónustu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	29
Mynd 6. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum (t.d. Tryggingastofnunar ríkisins eða sveitarfélaga)? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	30
Mynd 7. Hvaða menntun hefur þú lokið? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	31
Mynd 8. Ert þú í vinnu, námi eða hæfingu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	32
Mynd 9. Hver tekur eða tók ákvörðun um það hvaða vinnu, nám eða hæfingu þú sækir? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	33
Mynd 10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ...?.....	34
Mynd 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það sem þú gerir á daginn? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	35
Mynd 12. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig um þjónustu og stuðning sem þú færð? - Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	36
Mynd 13. Er áætlunin unnin í samráði við þig? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	37
Mynd 14. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir þig sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður milli þjónustukerfa? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	38
Mynd 15. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni „þjónustan sem ég fæ gerir mér kleift að lifa sjálfstæðu lífi“ – Samanburður á svörum árin: 2018 og 2021.....	39
Mynd 16. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	40
Mynd 17. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það hvernig þú býrð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	41
Mynd 18. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég stýri því sjálf(ur) hvað ég geri og hvenær í daglegu lífi. – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	41
Mynd 19. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að fá ekki að ráða þér sjálf(ur)? Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	42
Mynd 20. Hefur þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei upplifað áreitni eða fordóma annarra í þinn garð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	43
Mynd 21. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að vera einmana? – Samanburður á svörum árið 2018 og 2021.....	44
Mynd 22. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég á í eins miklum félagslegum samskiptum og ég vil. – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	45
Mynd 23. Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu þínu síðasta sumar? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	46
Mynd 24. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun? – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	54
Mynd 25. Var áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna? – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	55
Mynd 26. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir hana/hann sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður á milli þjónustukerfa? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	56
Mynd 27. Hvað þurfti barnið að bíða lengi eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti sértækan stuðning eða þjónustu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	57
Mynd 28. Er barnið í skóla eða vinnu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	58
Mynd 29. Hlutfallsleg skipting nemenda innan skólastigs.....	59

Mynd 30. Hlutfallsleg skipting nemenda innan skólastígs – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	59
Mynd 31. Hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir tegund vinnu	60
Mynd 32. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í skólanum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021	61
Mynd 33. Ánægja með þjónustu í skóla eftir skólastigi	61
Mynd 34. Er hann/hún í frístundþjónustu eftir skóla, í skólafríum eða bæði eftir skóla og í skólafríum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	62
Mynd 35. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í frístundinni? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	63
Mynd 36. Hver er ástæða þess að hann/hún er ekki í frístund eftir skóla eða í skólafríum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	64
Mynd 37. Gerði barnið eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu sínu síðasta sumar? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	66
Mynd 38. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem barnið er að fá? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021.....	67
Mynd 39. Hversu vel eða illa þekkir þú til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks? – Samanburður á svörum 2018 og 2021	75
Mynd 40. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með tilteknar skerðingar sæti á Alþingi?.....	76
Mynd 41. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar sæti á Alþingi – Samanburður á svörum 2018 og 2021	77
Mynd 42. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði við umönnun barna þinna eða barna sem þú þekkir í leikskóla eða grunnskóla?	78
Mynd 43. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði við umönnun barna þeirra eða barna sem þeir þekkja í leikskóla eða grunnskóla? – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	78
Mynd 44. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með tilteknar skerðingar afgangi þig í verslun?	79
Mynd 45. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar afgangi þá í verslun – Samanburður á svörum 2018 og 2021	79
Mynd 46. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með eftirfarandi skerðingar starfaði með þér að félagsmálum (t.d. í þróttafélaginu þínu eða í félagsamtökum)?	80
Mynd 47. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði með þeim að félagsmálum – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	80
Mynd 48. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með eftirfarandi skerðingar starfaði með þér á vinnustað þínum?	81
Mynd 49. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði með þeim á vinnustaðnum þeirra – Samanburður á svörum 2018 og 2021	82
Mynd 50. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk þvælist fyrir og er oft til vandræða – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	83
Mynd 51. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég vorkenni fötluðu fólki – Samanburður á svörum 2018 og 2021	84
Mynd 52. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk stendur jafnt öðru fólki – Samanburður á svörum 2018 og 2021	85
Mynd 53. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk gefur minna af sér til samfélagsins en aðrir – Samanburður á svörum 2018 og 2021.....	85

SAMANTEKT

Rannsókn þessari var ætlað að meta breytingar á þjónustu og aðstæðum fatlaðs fólks á tímabili nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021 (nr. 16/146) sem samþykkt var á Alþingi 31. maí 2017. Könnun var lögð fyrir fullorðna þjónustunotendur og forsjáraðila barna sem fá þjónustu sveitarfélaganna sem ætluð er fötluðu fólki, til að fá upplýsingar um reynslu þeirra af aðgengismálum og þjónustu. Þá voru spurningar einnig lagðar fyrir úrtak almennings í því skyni að kanna viðhorf til þátttöku fatlaðs fólks og þekkingu almennings á aðstæðum þess og á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hér á eftir er samantekt um helstu niðurstöður könnunarinnar.

Þess ber að geta að í úrtak fullorðinna þjónustunotenda voru dregnir nokkrir þátttakendur af erlendum uppruna sem ekki gátu svarað spurningalistanum á íslensku. Þar sem spurningalistinn var ekki þýddur yfir á önnur tungumál gátu þessir einstaklingar ekki tekið þátt. Í verkefnum sem þessum er brýnt að fá sjónarmið sem flestra og ljóst er að fatlað fólk af erlendum uppruna er jaðarsettur hópur sem hefur fáa málsvara. Þegar spurningakönnunin verður endurtekin er mikilvægt að leitað verði allra leiða til að þjónustunotendur af erlendum uppruna fái tækifæri til að taka þátt.

Fullorðnir þjónustunotendur – helstu niðurstöður

Könnun var lögð fyrir tilviljunarúrtak fullorðinna notenda þjónustu sveitarfélaganna fyrir fatlað fólk. Markmiðið var að fá upplýsingar um aðstæður þeirra og reynslu af þjónustu og aðgengismálum. Fjöldi svarenda var 396 og svarhlutfallið 51%.

Fjárhagur þátttakenda er enn þýðingarmikill þáttur. Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að svara til um fjárhagsstöðu heimilisins og sýna niðurstöður að 28% þátttakenda eiga mjög eða frekar erfitt með að láta enda ná saman. Þegar svör þátttakenda við spurningum könnunarinnar voru greind eftir fjárhagi þeirra reyndist oft tölfræðilega marktækur munur innan þess hóps sem gefur til kynna að þjónustan komi síður til móts við þarfir þeirra sem standa höllum fæti fjárhagslega. Það er sama mynstur og kom í ljóst í könnuninni 2018. Niðurstöður nú sýna að þátttakendur sem eiga frekar eða mjög erfitt með að láta enda ná saman fannst til að mynda erfiðara að nálgast upplýsingar um réttindi sín og þjónustu, að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum, þeir voru síður sammála því að þjónustan sem þeir fengu gerði þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi og þeir upplifðu oftast að fá ekki að ráða sér sjálfir. Ennfremur voru hlutfallslega færri í þeim hópi með einstaklingsbundna áætlun, samanborið við þá sem standa betur fjárhagslega, þeir áttu síður í eins miklum félagslegum samskiptum og þeir vildu og voru oftast einmana. Þá upplifðu þeir frekar fordóma og áreitni en þátttakendur sem komust vel af eða tókst að láta enda ná saman.

Aðgengi hefur ekki batnað að mati þátttakenda. Þó svo að meirihluti þátttakenda teldi aðgengi að opinberum byggingum vera mjög eða frekar gott þá taldi enn fimmtungur svarenda aðgengi vera frekar eða mjög slæmt. Hlutfall þeirra sem taldi aðgengi slæmt hefur þannig haldist óbreytt á milli ára (nú og árið 2018).

Lítið framboð er af upplýsingum á auðskildu máli en hefur aukist á milli ára. Meirihluti þátttakenda (68%) taldi framboð af upplýsingum á auðskildu máli vera mjög eða frekar lítið. Hlutfall þeirra sem telja framboðið lítið hefur þannig lækkað á milli ára, en árið 2018 töldu 73% þátttakenda framboðið vera lítið. Þar af taldi 31% svarenda framboðið vera mjög lítið, samanborið við 22% nú.

Almenningssamgöngur eru lítið notaðar af fötluðu fólki en fleiri þurfa ekki á þjónustunni að halda. Þátttakendur voru spurðir um notkun þeirra á almenningssamgöngum og sýna niðurstöður að fjórðungur þátttakenda hafði notað strætisvagna oft eða stundum á síðastliðnum 12 mánuðum, samanborið við tæplega þriðjung árið 2018. Einungis sex af hundraði höfðu notað strætisvagna oft eða stundum til að komast á milli landshluta á sama tímabili, samanborið við 8% árið 2018. Þess ber að geta að þegar spurt var um þjónustu sem þátttakendur nota kom í ljós að rúmur helmingur þátttakenda notar ferðaþjónustu fatlaðs fólks og hefur því minni þörf fyrir notkun strætisvagna. Þannig sagðist svipað hlutfall, eða 51%, aldrei nýta sér þjónustu strætisvagna þar sem þeir þyrftu ekki á henni að halda, samanborið við 35% árið 2018.

Aðgengi að upplýsingum og þjónustu er enn ábótavant. Rúmur helmingur þátttakenda (57%) taldi mjög eða frekar erfitt að nálgast upplýsingar um réttindi eða þjónustu og 56% taldi það mjög eða frekar erfitt að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum. Hlutfallslega fleiri töldu það frekar eða mjög erfitt að sækja um þjónustu á opinberum heimasíðum nú en árið 2018 (45%).

Fjórir af hverjum fimm taka sjálfir eða í samráði við aðra ákvörðun um hvaða vinnu, nám eða hæfingu þeir sækja. Það er svipað hlutfall og árið 2018. Í kringum 27% svarenda var ekki í vinnu, námi, iðju, starfsendurhæfingu eða á eftirlaunum, samanborið við 29% árið 2018, en ekki er um marktækan mun að ræða á svörum á milli ára.

Mikill meirihluti þátttakenda er enn ánægður með það sem hann gerir á daginn. Þátttakendur voru spurðir hvað þeir gerðu yfir daginn og í framhaldinu hversu ánægðir þeir væru með það. Meirihluti þátttakenda (73%) var mjög eða frekar ánægður með það sem hann gerir á daginn, sem er mjög svipað hlutfall og árið 2018 (76%) og er munurinn á milli ára ekki tölfræðilega marktækur. Þeir svarendur sem ekki voru í vinnu, hæfingu, starfsendurhæfingu eða iðju, athvarfi eða námi voru ólíklegri en aðrir til þess að segjast vera ánægðir.

Meirihluti þátttakenda hefur fengið einstaklingsbundna áætlun um þjónustu og stuðning og hlutfall þeirra hefur aukist á milli ára. Þátttakendur voru spurðir hvort gerð hefði verið einstaklingsbundin áætlun um þjónustu og stuðning fyrir þá. Þátttakendur sem búa á

íbúðarsambýlum eða íbúðarkjörnum, á sambýlum eða á félagslegum leigumarkaði voru líklegri en aðrir til þess að vera með einstaklingsbundna áætlun, samanborið við þá sem búa við annarskonar búsetufyrirkomulag. Þá voru þátttakendur sem voru með margar skerðingar líklegri til þess að hafa fengið áætlun en einstaklingar með færri skerðingar. Hlutfallsleg aukning hefur orðið á fjölda þeirra sem hafa fengið áætlun. Árið 2018 höfðu 49% þátttakenda fengið áætlun en 56% nú. Rúmur helmingur þátttakenda kom að gerð áætlunarinnar að öllu leyti en í 7% tilvika var áætlunin ekki unnin í samráði við þjónustunotendur. Samanburður á svörum nú og árið 2018 sýnir ekki fram á marktækan mun á milli ára.

Priðjungur fullorðinna þjónustunotenda er með málstjóra og hefur fjöldinn staðið í stað.

Hlutfallslega færri þátttakendur sem bjuggu í eigin húsnæði eða leigðu á almennum leigumarkaði voru með málstjóra, samanborið við svarendur í annars konar búsetu, sem og þeirra sem voru með hreyfihömlun eða sjón- eða heyrnarskerðingu m.t.t. tegund skerðingar. Ekki hafa orðið tölfraðilega marktækar breytingar á hlutfallinu á milli ára.

Um sjö af hverjum tíu telja að þjónustan sem þeir fá geri þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi sem er sambærilegt við hlutfallið árið 2018.

Þó er nokkur munur eftir hópum en þeir þátttakendur sem voru með eina skerðingu voru líklegri en þátttakendur með fleiri skerðingar til þess að telja að þjónustan gerði þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi. Þá voru hlutfallslega færri þátttakendur á aldrinum 18 – 34 sammála því, samanborið við aðra aldurshópa. Hlutfall þeirra sem eru sammála hélst óbreytt á milli ára.

Þrír af hverjum fjórum eru ánægðir með þjónustuna sem þeir fá. Ekki hefur orðið breyting á ánægju með þjónustuna á milli ára en það er sambærilegt hlutfall og mældist árið 2018.

Mikill meirihluti þátttakenda er ánægður með það hvernig hann býr og engar breytingar hafa orðið þar á.

Fjórðungur þátttakenda sagðist búa í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði á almennum markaði, 28% búa á félagslegum leigumarkaði, 21% í íbúðarkjarna eða á sambýli og 18% búa í foreldrahúsum eða með ættingjum. Aðspurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með það hvernig þeir byggju voru um fjórir af hverjum fimm þátttakendum mjög eða frekar ánægðir með það, sem er sambærilegur fjöldi og árið 2018.

Þrír af hverjum fjórum stýrir því sjálfur hvað hann gerir og hvenær í daglegu lífi.

Það er sambærilegt hlutfall og árið 2018. Þátttakendur sem höfðu verið greindir með margar skerðingar voru líklegri til þess að hafa upplifað það oft, stundum eða sjaldan að fá ekki að ráða sér sjálfir, samanborið við þátttakendur með færri skerðingar, en alls sagðist rúmlega helmingur hafa upplifað það. Ekki er tölfraðilega marktækur munur á fjöldanum nú og árið 2018.

Meirihluti þátttakenda hafði einhvern tímann upplifað áreitni eða fordóma annarra í sinn garð og hefur hlutfall þeirra staðið í stað á milli ára. Um 41% þátttakenda upplifðu slíkt oft eða stundum og 25% til viðbótar sjaldan.

Rúmur helmingur þátttakenda er oft eða stundum einmana. Þeim hefur fækkað sem segjast oft vera einmana (17%), samanborið við 2018 þegar tæpur fjórðungur sagðist vera oft einmana. Á hinn bóginn hefur þeim fjölgað sem segist stundum vera einmana, 42% samanborið við 34% árið 2018. Ekki hafa orðið breytingar á fjölda þeirra sem segjast eiga í eins miklum félagslegum samskiptum og þeir vilja á milli ára en aðspurður sagðist þriðjungur vera mjög sammála því og 27% til viðbótar vera frekar sammála. Með tilliti til samanburðarhópa voru svarendur sem bjuggu í foreldrahúsum, sem og þeir þátttakendur sem höfðu verið greindir með margar skerðingar, ólíklegri til þess að vera mjög sammála því að þeir ættu í eins miklum félagslegum samskiptum eins og þeir vildu.

Dregið hefur úr utanlandsferðum á milli kannana. Færri þátttakendur ferðuðust erlendis á undangengnu sumri en gerðu í sumarfrí sínu árið 2018. Einungis sjö af hundraði svarenda fór erlendis, samanborið við 30% árið 2018. Hins vegar höfðu fleiri þátttakendur farið í sumarbúðir, eða 14% samanborið við 9% árið 2018. Ekki reyndist tölfraðilega marktækur munur á fjölda þeirra sem hafði farið í ferðalag innanlands á milli ára.

Forsjáraðilar fatlaðra barna – helstu niðurstöður

Könnun var lögð fyrir forsjáraðila barna sem nota þjónustu sveitarfélaganna sem veitt er á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018). Alls voru svarendur 537 talsins og svarhlutfallið 61%.

Fjárhagur fjölskyldna er enn mikilvægur þáttur. Forsjáraðilar voru spurðir um fjárhagsstöðu heimilisins og alls svöruðu 27% því til að það væri frekar eða mjög erfitt að láta enda ná saman. Þegar rýnt er í svör forsjáraðila við spurningum könnunarinnar er oft marktækur munur á svörum eftir fjárhagsstöðu heimila. Börn sem búa á heimilum sem komast vel af voru meðal annars ólíklegri til þess að hafa þurft að bíða eftir viðeigandi stuðningi en börn sem búa á heimilum þar sem mjög erfitt er að láta enda ná saman. Síðarnefndi hópurinn þurfti að jafnaði einnig að bíða lengur eftir þjónustu en sá fyrrgreindi. Þá höfðu hlutfallslega fleiri börn sem búa á heimilum sem komast vel af fjárhagslega ferðast innanlands eða farið til útlanda en börn sem búa við lakari fjárhag heimilisins.

Fleiri börn fá einstaklingsbundna áætlun og hún er oftar unnin í samráði við fjölskylduna. Árið 2018 höfðu hlutfallslega fleiri fengið einstaklingsbundna áætlun um þjónustu og stuðning við börn en árin 2010 og 2014 þegar sambærilegar spurningar voru lagðar fyrir forsjáraðila. Sú þróun hefur haldið áfram en hlutfallsleg fjölgun var í fjölda barna sem hafa fengið einstaklingsbundna áætlun á milli 2018 og 2021. Á það fyrst og fremst við um börn sem hafa fengið áætlun varðandi bæði skólann og í tengslum við aðra þjónustu. Börnum sem ekki hafa fengið einstaklingsbundna áætlun hefur fækkað úr 20% árið 2018 í 14% nú. Áætlunin er í langflestum tilfellum unnin í samráði

við fjölskylduna, að öllu leyti (71%) eða að nokkru leyti (26%), sem er aukning frá 2018. Árið 2018 sögðu 59% að áætlunin hefði verið unnin í samráði við fjölskylduna að öllu leyti og þriðjungur að nokkru leyti. Færri segja þar að leiðandi nú að áætlunin hafi ekki verið unnin í nokkru samráði við fjölskyldu barnsins.

Meirihluti barna hefur fengið skipaðan málstjóra og hlutfall þeirra hefur aukist á milli ára.

Í heildina höfðu 60% barna fengið skipaðan málstjóra sem samhæfir þjónustu og er tengiliður á milli þjónustukerfa. Það er aukning frá árinu 2018 þegar 37% barna höfðu fengið skipaðan málstjóra. Nánari greining bendir til þess að eftir því sem börn eru eldri því ólíklegra er að þau séu með málstjóra. Þá hafa hlutfallslega færri börn í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarinnar fengið skipaðan málstjóra en börn í Reykjavík eða á landsbyggðinni.

Bið eftir viðeigandi þjónustu hefur styst en þó þarf stærri hópur að bíða í tvö ár eða lengur.

Töluverð breidd var í svörum þátttakenda þegar spurt var hversu lengi barnið þurfti að bíða eftir að fá viðeigandi stuðning. Þriðjungur barna þurfti ekki að bíða eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti á sértækum stuðningi eða þjónustu að halda. Þá biðu 17 börn af hundraði í tvo mánuði eða minna, samanborið við 23% árið 2018. Hins vegar fjölgaði börnum sem höfðu beðið í tvö ár eða lengur á milli ára. Rúmur fimmtungur barna nú hafði beðið í a.m.k. tvö ár, samanborið við 16% árið 2018.

Forsjáraðilar barna í leikskóla eru áfram ánægðastir. Forsjáraðilar voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustuna sem barnið fær í skólanum og voru 80% þeirra frekar eða mjög ánægðir með þjónustuna, sem er sambærilegt hlutfall og árið 2018. Líkt og þá voru forsjáraðilar barna í leikskóla einnig að jafnaði ánægðari með þjónustuna sem barnið fær í skólanum en aðrir, og forsjáraðilar barna í grunnskóla síður ánægðir.

Tæpur helmingur barna er í frístundaþjónustu eftir skóla eða í skólafríum og hlutfall þeirra stendur í stað á milli ára.

Líkt og 2018 var hlutfall barna í frístundaþjónustu 47%. Hlutfallslega voru fleiri börn í Reykjavík, samanborið við börn utan Reykjavíkur, í frístundaþjónustu. Þá voru börn líklegri til þess að vera í frístundaþjónustu eftir því sem þau voru yngri. Meirihluti forsjáraðila barna sem nota frístundarþjónustu var ánægður með þjónustuna sem barnið fær í frístundinni, eða fjórir af hverjum fimm. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á ánægju á milli ára.

Hlutfallslega færri börn fóru erlendis eða í ferðalag nú, samanborið við árið 2018.

Forsjáraðilar voru spurðir hvort barnið hefði farið í sumarþúðir, ferðalag innanlands, farið erlendis eða á leikjanámskeið í sumarfríi sínu. Flest börnin höfðu farið í ferðalag innanlands: Tvö af hverjum þremur fóru í ferðalag innanlands án þess að gista og þrjú af hverjum fjórum fóru í ferðalag þar sem var gist. Þetta er nokkur fækkun frá árinu 2018 þegar sambærileg hlutföll voru 73% og 84%. Þá fóru einungis 13% barna til útlanda nú, samanborið við 44% árið 2018.

Meirihluti forsjáradila er ánægður með þjónustuna sem börnin fá en þeim hefur fækkað líttilega á milli ára. Alls var 31% forsjáradila mjög ánægð með þjónustuna sem börnin höfðu fengið árið 2018 og 40% frekar ánægð. Nú var 21% forsjáradila mjög ánægð en 47% frekar ánægð.

Úrtak almennings – helstu niðurstöður

Könnun var lögð fyrir þjóðarúrtak til að fá upplýsingar um viðhorf til fatlaðs fólks. Gagna var aflað með spurningalista sem sendur var út á netpanel Félagsvísindastofnunar. Alls svaraði 821 einstaklingur og var svarhlutfallið 55%

Lítil þekking á samningi Sameinuðu þjóðanna og hún hefur ekki aukist á milli ára. Einungis 13% þekktu mjög eða frekar vel til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ekki hefur orðið tölfræðilega marktæk breyting þar á, samanborið við árið 2018.

Að jafnaði er fólk síður sátt með samfélagslega þátttöku fólks með geðsjúkdóma, samanborið við aðrar skerðingar. Viðhorf almennings til fólks með ólíkar skerðingar og þátttöku þeirra á hinum ýmsu stöðum þjóðlífsins voru könnuð. Þar kom í ljós töluverður munur á viðhorfum þátttakenda í garð fólks með mismunandi skerðingar. Almennt voru svarendur sáttari við þátttöku fólks með hreyfihömlun, blindra og heyrnarlausra. Þá benda niðurstöður til þess að viðhorf til þátttöku fólks með þroskahömlun séu jákvæðari en áður.

Eins og árið 2018 eru fordómar meiri gagnvart þátttöku fatlaðs fólks þegar kemur að umönnun barna og setu á Alþingi en á öðrum vettvangi. Þannig var munur á svörum þegar spurt var um þátttöku fatlaðs fólks á ólíkum vettvangi og voru svarendur að jafnaði ósáttari við að fatlað fólk starfaði við umönnun barna og að það sæti á Alþingi fyrir sitt kjördæmi en þegar spurt var út í annars konar starfsvettvang. Í kringum 30% þátttakenda voru mjög eða frekar ósáttir við að fólk með þroskahömlun sæti á Alþingi fyrir sitt kjördæmi eða starfaði við umönnun barna sinna eða barna sem það þekkti í leik- eða grunnskóla. Fimmti hver var frekar eða mjög ósáttur við að einstaklingur með geðsjúkdóm sæti á Alþingi fyrir sitt kjördæmi og 39% svarenda voru frekar eða mjög ósátt við að einstaklingur með geðsjúkdóm starfaði við umönnun í leik- eða grunnskóla. Ekki hafa orðið tölfræðilega marktækar breytingar á milli ára þegar kemur að viðhorfi almennings til þátttöku fólks með geðsjúkdóma eða þroskahömlun á þingi eða við umönnun barna í leik- eða grunnskólum.

Engar tölfræðilega marktækar breytingar hafa orðið á viðhorfum og fordómum almennings í garð fatlaðs fólks á milli ára. Líkt og árið 2018 gefur dreifing svara við spurningum sem ætlað er að mæla viðhorf til og fordóma gegn fötluðu fólki til kynna að fólk með háskólamenntun sé að jafnaði ólíklegra til þess að vera fordóma gegn fötluðu fólki en fólk með

aðra menntun. Þá benda niðurstöður áfram til þess að fordómar séu að jafnaði minni á meðal kvenna en karla.

INNGANGUR

Skýrslan var unnin að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Ný framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 – 2021 (nr. 16/146) var samþykkt á Alþingi 31. maí 2017 og er rannsóknin sem skýrslan byggir á liður í því að meta ávinning af áætluninni og framþróun í málaflokknum. Meginmarkmið rannsóknarinnar felast annars vegar í því að afla upplýsinga um aðstæður fólks og barna sem nota þjónustu sveitarfélaganna sem ætluð er fötluðu fólki og hins vegar að leggja mat þáð hvernig þjónusta fullorðinna og barna sem nýta þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk hefur þróast síðan árið 2018. Framkvæmd rannsóknarinnar var á þá leið að könnun var lögð fyrir fullorðna þjónustunotendur og forsjáraðila fatlaðra barna. Upplýsingum var m.a. safnað um aðgengi fatlaðs fólks að manngerðu umhverfi, upplýsingum, heilbrigðisþjónustu, menntun, atvinnu og annarri virkni, ásamt möguleikum þess á að lifa sjálfstæðu lífi. Að auki voru forsjáraðilar barna spurðir út í frístundaþjónustu við fötluð börn og ánægja þeirra var könnuð varðandi þjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samhliða því var könnun lögð fyrir úrtak meðal almennings í því skyni að kanna viðhorf til þátttöku fatlaðs fólks, meta þekkingu almennings á aðstæðum þess, sem og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í skýrslunni er að finna samanburð á svörum áður nefndra hópa við svör úr sambærilegri könnun sem gerð var árið 2018. Með því móti er hægt að meta breytingar sem orðið hafa á þjónustunni og aðstæðum fatlaðs fólks á því tímabili sem framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks (nr. 16/146) hefur verið í gildi. Könnunin fékk leyfi Persónuverndar (tilvísun: 2021030559/GIÁ) og jákvæða umsögn Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands (Erindi: SHV2021 – 011).

Uppbygging skýrslunnar er á þá leið að fyrst er aðferðafræði könnunarinnar, þ.m.t. úrtökum og úrvinnslu, gerð skil. Í framhaldinu er fjallað um niðurstöður könnunarinnar í töflum, myndum og texta. Niðurstöðukafla er skipt upp í þrennt. Fyrst eru niðurstöðum úr könnun meðal fullorðinna þjónustunotenda gerð skil. Í kjölfarið er fjallað um niðurstöður úr könnun meðal forsjáraðila barna sem nota fyrrnefnda þjónustu og að lokum er fjallað um niðurstöður könnunar sem gerð var meðal almennings. Í öllum undirköflum er sýndur samanburður svara nú og svara könnunar sem gerð var árið 2018. Í lok skýrslunnar er að finna samantekt og helstu niðurstöður. Í viðauka má sjá svör þátttakenda greind nánar eftir bakgrunnspáttum.

ADFERÐ

Eins og áður sagði náði rannsóknin til þriggja ólíkra hópa: Fullorðinna notenda þjónustu sveitarfélaganna sem veitt er á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi skerðingar (nr. 38/2018); forsjáraðila barna sem nota þjónustu sveitarfélaganna á grundvelli sömu laga; og loks úrtaks meðal almennings. Sömu spurningar voru lagðar fyrir og í sambærilegri könnun frá árinu 2018. Þá voru spurningalistar unnir af rannsakendum Félagsvísindastofnunar og sérfræðingum velferðarráðuneytis. Í spurningalistum til notenda var lögð áhersla á að kanna ánægju með þjónustu sem þeir nota sem og mat þeirra á aðgengi að manngerðu umhverfi, þjónustu og upplýsingum. Forsjáraðilar barna voru enn fremur spurðir um þjónustu sem börn og fjölskyldur fá í skólum og frístund. Þá var spurningalisti lagður fyrir úrtak almennings sem ætlað var að kanna viðhorf þátttakenda til fatlaðs fólks og þátttöku þess á mismunandi stöðum þjóðlífsins.

Þar sem þýði rannsóknarinnar nú, sem og rannsóknarinnar frá 2018, *Könnun vegna framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks*, miðast við skilgreiningu laga um þjónustu við fatlað fólk ber þess að geta að árið 2018 tóku lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) við af lögum um málefni fatlaðs fólks (59/1992). Þessar breytingar á þýði kunna að hafa áhrif á samanburð milli rannsókna, þar sem viðmið þrengdust með lagsetningunni 2018 og í kjölfarið fækkaði þeim sem njóta þjónustu á grundvelli laganna. Samkvæmt upplýsingum frá þjónustusvæðum sem veita þjónustu við fatlað fólk notuðu alls 2.664 einstaklingar þjónustu árið 2021 á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi skerðingar (nr. 38/2018). Árið 2018 notuðu hins vegar 2.985 fullorðinn einstaklingar þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks (nr. 59/1992).

Úrtak og svörun könnunar – Þjónustunotendur og forsjáraðilar

Spurningalistar voru lagðir fyrir tilviljunarúrtak fullorðinna þjónustunotenda og forsjáraðila þjónustunotenda undir 18 ára aldri. Úrtak þjónustunotenda var dregið úr þýði þeirra sem nota þjónustu á grundvelli laga þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) í samvinnu Félagsvísindastofnunar og tengiliða á þjónustusvæðum. Úrtak forsjáraðila barna sem nota þjónustu sveitarfélaga var dregið á sama hátt úr þýði þeirra barna sem nota þjónustuna. Í hvort úrtak um sig völdust 1.000 einstaklingar sem fengu kynningarbréf send í pósti þar sem könnunin var kynnt og markmið og framkvæmd útskýrð. Í bréfinu kom fram að ef þátttakendur kærðu sig ekki um þátttöku gætu þeir haft samband við sitt þjónustusvæði og sagt sig úr rannsókninni innan ákveðins tíma. Þegar tímafrestur til að segja sig úr rannsókninni var liðinn fengu rannsakendur Félagsvísindastofnunar HÍ nöfn þeirra sem ekki höfðu afþakkað þátttöku. Þjónustunotendur fengu kynningarbréfið frá þjónustusvæðum á hefðbundnu máli og á auðlesnu máli en forráðamenn fengu bréfið á íslensku og ensku. Var þess sérstaklega gætt að rannsakendur

Félagsvísindastofnunar fengju ekki upplýsingar um þjónustunotendur sem ekki kærðu sig um að taka þátt í könnuninni. Að loknum fresti fékk Félagsvísindastofnun í hendur nöfn þeirra sem ekki höfðu sagt sig úr úrtakinu, nöfn 803 þjónustunotenda og 890 nöfn forsjáraðila barna.

Spýrlar á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ hringdu í þjónustunotendur og forsjáraðila barna og buðu þeim að svara könnuninni í síma eða að gefa upp netfang sitt og fá spurningalistann sendan í tölvupósti. Í könnun meðal þjónustunotenda gafst þátttakendum einnig færi á að svara spurningalista á pappír ef þeir þess óskuðu og ef ekki náðist í þjónustunotendur í síma var spurningalistinn sendur til þeirra á pappír. Fullorðnir þjónustunotendur höfðu val um að svara spurningalistanum á hefðbundnu máli eða auðskildu. Í þeim tilvikum þar sem þátttakendur þurftu stuðning til að geta tekið þátt var leitað eftir aðstoð frá aðstandendum eða aðstoðarfólki og þeir hvattir til að styðja við þátttöku viðkomandi. Í sumum tilvikum gátu þátttakendur ekki tekið þátt og var þá kannað hvort aðstandendur eða starfsfólk gæti svarað fyrir þeirra hönd, en voru þeir þá hvattir til að svara eingöngu staðreyndarspurningum og enn fremur að svara í anda þátttakenda en ekki út frá eigin skoðunum. Nokkrir sem hringt var í voru af erlendum uppruna og gátu ekki svarað spurningalistanum á íslensku. Þeir voru fjarlægðir úr úrtakinu þar sem spurningalistinn var ekki þýddur yfir á önnur tungumál. Forsjáraðilum barna gafst kostur á að svara spurningalistanum á íslensku eða ensku.

Spurningalisti meðal þjónustunotenda var lagður fyrir í síma og á neti dagana 4. nóvember 2021 til 15. janúar 2022 og sendur í bréfpósti til þeirra sem ekki náðist í síma. Um helmingur þátttakenda svaraði könnuninni á netinu eða um 52%, um 45% svöruðu í síma en 3% í bréfpósti. Þegar tekið hefur verið tillit til brottfalls voru í endanlegu úrtaki könnunarinnar 790 einstaklingar. Heildarsvarhlutfall var um 51% (sjá töflu 1).

Spurningalisti meðal forsjáraðila barna var lagður fyrir í síma og á neti dagana 9. október – 17. desember 2021. Flestir þátttakendur svöruðu könnuninni á neti, eða um 59%. Þegar tekið hefur verið tillit til brottfalls voru í endanlegu úrtaki könnunarinnar 885 einstaklingar. Heildarsvarhlutfall var um 60%.

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal fullorðinna þjónustunotenda og forsjáraðila barna sem nota þjónustu

	Forráðamenn	Notendur	Alls
Upplýsingasöfnun	9.10.21-17.12.21	4.11.21-15.01.22	
Fjöldi í úrtaki	890	803	1693
Fjöldi svarenda	537	396	933
Brottfall	5	24	29
Svarhlutfall - brúttó	60%	49%	55%
Svarhlutfall - nettó	61%	51%	56%

Úrtak og svörun könnunar – Þjóðarúrtak

Viðhorfskönnun var lögð fyrir lagskipt úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanellinn byggir á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Söfnun í panelinn á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er unnt að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til að það endurspeglaði sem best samsetningu þjóðarinnar, 18 ára og eldri. Þátttakendur fengu sendan hlekk að könnuninni í tölvupósti og svöruðu henni rafrænt. Gagnaöflun fór fram dagana 5. – 22. mars 2022 og var svarhlutfall 55% (sjá töflu 2).

Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal almennings

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	5. - 22. mars 2022
Fjöldi í úrtaki	1500
Fjöldi svarenda	821
Svarhlutfall	55%

Úrvinnsla

Niðurstöðukafla skýrslunnar er skipt í þrennt. Í fyrsta kafla er fjallað um niðurstöður úr könnun meðal fullorðinna þjónustunotenda. Í öðrum kafla eru birtar niðurstöður könnunar sem náði til forsjáraðila barna sem nota þjónustu og síðasti kaflinn fjallar um niðurstöður könnunar meðal almennings. Í upphafi hvers kafla eru töflur sem lýsa þátttakendum hvernar könnunar fyrir sig og í framhaldinu eru birtar niðurstöður í töflum og myndum. Að auki er að finna myndir sem sýna samanburð á dreifingu svara þátttakenda nú og í könnuninni sem lögð var fyrir árið 2018. Með því má sjá þróun yfir tíma og hvort breytingar á viðhorfum og aðgengi að þjónustu hafi átt sér stað á þessu tímabili.

Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og því er ólíkur fjöldi svara á bak við hverja töflu og mynd þar sem sumir þátttakendur völdu að svara ekki einstaka spurningum. Þá ber að hafa í huga að í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar.

Í viðauka er að finna ítarlegar bakgrunnstöflur þar sem spurningar eru greindar eftir bakgrunnspáttum. Svör fullorðinna þjónustunotenda eru þar greind eftir kyni, aldri, búsetu, húsnæði, skerðingum, fjölda skerðinga, fjárhag og hver svaraði spurningalistanum. Svör forsjáraðila eru greind eftir kyni barns, aldri, fjölda skerðinga, búsetu og fjárhag fjölskyldu. Loks eru spurningar sem lagðar voru fyrir úrtak meðal almennings greindar eftir kyni, aldri, búsetu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, heimilistekjum og því hvort svarandinn er fatlaður, þekkir til einhvers sem tilheyrir þeim hópi eða ekki.




Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa og í samanburði á milli ára. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*) í töflum, en í texta þar sem samanburðarmyndir eru nýttar í framsetningu niðurstaðna. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra þjónustunotenda/allra forsjáraðila barna sem nota þjónustu/alls almennings. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýðinu ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin ták. Skammstöfunin óg merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Þegar marktektarpróf reynist ógilt var stundum svarmöguleikum spurningarinnar slegið saman, þegar það átti við, og marktekt reiknuð á ný. Í slíkum tilvikum er það útskýrt í neðanmálsgreinum við töflur og myndir og þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka er hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

1. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FULLORÐINNA ÞJÓNUSTUNOTENDA






Um þátttakendur

Í töflum 3 til 11 má sjá upplýsingar um þátttakendur meðal fullorðinna þjónustunotenda. Kynjahlutföll svarenda voru nokkuð jöfn (sjá töflu 3). Ríflega helmingur svarenda, eða 54%, var karlkyns og 46% kvenkyns. Eins og fram kemur í töflu 4 var aldursdreifing svarenda nokkuð jöfn en flestir, eða rúmlega helmingur þátttakenda, voru engu að síður annað hvort í yngsta eða elsta aldurshópnum. Þannig voru 27% svarenda á aldursbilinu 18-29 og sama hlutfall 60 ára eða eldri. Þá voru 17 af hundraði á fertugsaldri, 16 af hundraði á fimmtugsaldri og 13% á sextugsaldri.

Tafla 3. Kyn svarenda









	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Karl	214	54%	 54%
Kona	181	46%	 46%
Annað	1	0%	 0%
Fjöldi svara	396	100%	

Tafla 4. Hvað ert þú gamall/gömul?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
18-29 ára	105	27%	 27%
30-39 ára	68	17%	 17%
40-49 ára	64	16%	 16%
50-59 ára	51	13%	 13%
60 ára og eldri	108	27%	 27%
Fjöldi svara	396	100%	







Flestir svarendur komu af höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega þrír af hverjum fjórum (sjá töflu 5). Þannig bjuggu 56% svarenda í Reykjavík og 20% í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur. Ellefu af hundraði þátttakanda bjó á Norðurlandi, 6% á Suðurlandi, 4% á Suðurnesjum, 3% á Vesturlandi og 1% á Austurlandi.

Tafla 5. Búseta svarenda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Reykjavík	221	56%	 56%
Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur	79	20%	 20%
Austurland	4	1%	 1%
Norðurland	44	11%	 11%
Suðurland	22	6%	 6%
Suðurnes	14	4%	 4%
Vestfirðir	1	0%	 0%
Vesturland	11	3%	 3%
Fjöldi svara	396	100%	

Þátttakendur voru spurðir út í tegund húsnæðis sem þeir búa í. Eins og sjá má í töflu 6 bjó fjórðungur svarenda í eigin húsnæði og 28% sögðust búa í leiguhúsnæði á félagslegum markaði. Rúmlega fimmti hver (21%) bjó í íbúðakjarna eða íbúðasambýli, tæplega fimmtungur bjó í foreldrahúsi eða með ættingjum (18%) og 6% svarenda sögðust búa á herbergjasambýli.







Tafla 6. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði á almennum markaði, íbúð á félagslegum leigumarkaði, íbúðakjarna, íbúðasambýli, herbergjasambýli, í foreldrahúsum eða með öðrum ættingjum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á almennum markaði	99	25%	 25%
Leiguhúsnæði á félagslegum markaði	109	28%	 28%
Íbúðakjarna eða íbúðasambýli	84	21%	 21%
Herbergjasambýli	22	6%	 6%
Foreldrahús eða með ættingjum	70	18%	 18%
Ég bý í annars konar húsnæði	8	2%	 2%
Fjöldi svarenda	392	100%	
Vil ekki svara	4		
Alls	396		




Í spurningalistanum sem lagður var fyrir þátttakendur var birtur listi yfir skerðingar og þeir spurðir hvort þeir hefðu verið greindir með einhverjar þeirra. Voru þeir jafnframt beðnir að meta hvort um væri að ræða mikla skerðingu, nokkra eða litla skerðingu. Til að unnt væri að greina svör við ákveðnum spurningum eftir ólíkum skerðingum þurfti að flokka svörin þannig að hver þátttakandi kæmi aðeins einu sinni fyrir en það var vandasamt þar sem töluverður fjöldi þátttakenda merkti við fleiri en eina skerðingu (sjá töflu 8). Þeir sem t.d. merktu við þroskahömlun og lýstu skerðingunni sem mikilli eða nokkurri ásamt því að merkja við aðrar skerðingar eru skilgreindir með þroskahömlun í töflu 8 og töflum í viðauka og þeir sem merktu við einhverfu og lýstu skerðingunni sem mikilli eða nokkurri ásamt öðrum skerðingum eru skilgreindir með einhverfu. Í töflu 7 má sjá

að flestir þátttakendur voru með þroskahömlun (39%) og um fjórðungur var með hreyfihömlun. Tæplega fimmtungur (17%) var með geðfötlun eða ADHD og 11% með einhverfu. Rétt tæplega helmingur þátttakenda var með þrjár skerðingar eða fleiri, eða 49%, um fjórðungur svarenda (24%) merkti við tvær skerðingar og 27% eina skerðingu (sjá töflu 8).

Tafla 7. Hefur þú verið greind(ur) með eitthvað af eftirfarandi?













	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Þroskahömlun	140	39%		39%
Einhverfa	40	11%		11%
Hreyfihömlun	85	24%		24%
Geðfötlun/ADHD	63	17%		17%
Sjón-/heymarskerðing	27	7%		7%
Annað	6	2%		2%
Fjöldi svara	361	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	35			
Alls	396			

Tafla 8. Fjöldi greininga

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Ein skerðing	98	27%		27%
Tvær skerðingar	86	24%		24%
Þrjár skerðingar eða fleiri	177	49%		49%
Fjöldi svara	361	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	35			
Alls	396			

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir nýttu sér ýmis konar þjónustu. Rúmlega helmingur (55%) svarenda sagðist nýta sér ferðaþjónustu fatlaðs fólks og tæplega helmingur, eða 47%, merkti við stoðþjónustu þegar þátttakendur voru beðnir um að merkja við alla þá þjónustu sem þeir nýta í dag. Þá merktu 45% við félagslega liðveislu. Nánari útlístan svara má sjá í töflu 9. Ákveðið var að spyrja eingöngu um þjónustu á vegum sveitarfélaganna þó nokkrir þátttakendur noti einnig þjónustu annarra aðila. Svarendur voru beðnir um að merkja við alla þá þjónustu sem við átti og því er hlutfall svara yfir 100%.




Tafla 9. Nýtir þú einhverja af eftirfarandi þjónustu í dag?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda*		
Ferðaðþjónustu fatlaðs fólks	195	56%		56%
Stoðþjónustu	165	47%		47%
Félagslega liðvæislu	156	45%		45%
Öryggishnapp	54	15%		15%
Heimahjúkrun	54	15%		15%
Heimsendingu á mat	47	13%		13%
Skammtímadvöl	28	8%		8%
NPA	28	8%		8%
Notendasamning	25	7%		7%
Stuðningsfjólskyldu	14	4%		4%
Aðstoð vagna náms	8	2%		2%
Aðra þjónustu	62	18%		18%
Fjöldi svarenda	353			
Veit ekki / vil ekki svara	43			
Alls	396			

*Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti

Þó nokkur hluti þátttakenda þurfti aðstoð við að svara spurningalistaum, eða 40%, en kannað var hvort þjónustunotendur hefðu svarað spurningunum sjálfir, fengið til þess aðstoð eða hvort aðstandendur eða aðstoðarfólk hefði svarað fyrir þá. Meirihluti þátttakenda svaraði þannig spurningalistaum sjálfir (60%), en 15% fengu aðstoð til þess frá aðstandanda eða aðstoðarfólki og í fjórðungi tilfella (25%) svaraði aðstandandi eða aðstoðarfólk fyrir hönd þátttakanda (sjá töflu 10).

Tafla 10. Hver svarar spurningalistaum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Þjónustunotandi sjálfur	238	60%		60%
Þjónustunotandi með aðstoð aðstandanda eða aðstoðarfólks	59	15%		15%
Aðstandandi eða aðstoðarfólk svarar fyrir þjónustunotanda	99	25%		25%
Fjöldi svara	396	100%		

Þátttakendur voru spurðir út í fjárhagslega afkomu sína og eins og kemur fram í töflu 11 taldi meirihluti þeirra, eða tæplega þrjú af hverjum fjórum, að þeim tækist annað hvort að ná endum saman (30%) eða að þeir kæmust vel af fjárhagslega (43%). Alls sögðust 28 af hundraði eiga frekar (14%) eða mjög erfitt (14%) með að láta enda ná saman.

Tafla 11. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu þinni þessa dagana?


	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Ég kemst vel af	160	43%		43%
Mér tekst að ná endum saman	111	30%		30%
Það er frekar erfitt að láta enda ná saman	51	14%		14%
Það er mjög erfitt að láta enda ná saman	52	14%		14%
Fjöldi svara	374	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	21			
Alls	395			

Aðgengi að opinberum byggingum og þjónustu

Þátttakendur voru spurðir að því hversu gott eða slæmt þeir teldu aðgengi sitt vera að opinberum byggingum í sveitarfélagi sínu. Langflestir, eða fjórir af hverjum fimm, töldu aðgengi vera frekar (60%) eða mjög gott (20%) eins og fram kemur í töflu 12. Fimmtungur svarenda taldi aðgengi að opinberum byggingum vera annað hvort frekar (18%) eða mjög slæmt (2%). Samanburður við árið 2018 sýnir að viðhorf þátttakenda til aðgengis að opinberum byggingum hefur breyst að því leytnu til að færri telja aðgengi mjög gott nú en áður (20% samanborið við 29% árið 2018). Á móti telja fleiri aðgengi vera frekar gott nú en árið 2018. Hlutfall þeirra sem telja aðgengi vera frekar eða mjög slæmt helst stöðugt á milli kannana, eða í kringum fimmtungur svarenda (sjá mynd 1).

Tafla 12. Almenn í þínu sveitarfélagi, hversu gott eða slæmt finnst þér aðgengi vera að opinberum byggingum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Mjög gott aðgengi	70	20%		20%
Frekar gott aðgengi	206	60%		60%
Frekar slæmt aðgengi	62	18%		18%
Mjög slæmt aðgengi	8	2%		2%
Fjöldi svara	346	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	50			
Alls	396			




Mynd 1. Almennt í þínu sveitarfélagi, hversu gott eða slæmt finnst þér aðgengi vera að opinberum byggingum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu framboð upplýsinga á auðskildu máli vera mikið eða lítið. Upplýsingar á auðskildu máli teljast upplýsingar sem eru settar fram á skýran hátt til að stuðla að auknu aðgengi fólks að upplýsingum. Það getur t.d. falið í sér stærra letur eða einfalt og aðgengilegt orðalag. Meirihluti þátttakenda, eða um það bil tveir af hverjum þremur, svaraði á þá leið að þeir töldu að framboðið væri frekar (46%) eða mjög lítið (22%). Fjórðungur svarenda taldi framboðið vera frekar mikið og 7% að það væri mjög mikið (sjá töflu 13). Samanburður við árið 2018 sýnir að færri telja framboðið vera mjög lítið nú en áður, eða 22% samanborið við 31% árið 2018 (mynd 2).

Tafla 13. Almennt séð, hversu mikið eða lítið framboð finnst þér vera af upplýsingum á auðskildu máli?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög mikið	22	7%	■ 7%
Frekar mikið	76	25%	■ 25%
Frekar lítið	141	46%	■ 46%
Mjög lítið	67	22%	■ 22%
Fjöldi svara	306	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	90		
Alls	396		




Mynd 2. Almennt séð, hversu mikið eða lítið framboð finnst þér vera af upplýsingum á auðskildu máli? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir út í það hvort þeir nýttu sér þjónustu strætisvagna. Tæplega fimmtungur (18%) svaraði á þá leið að þeir hefðu nýtt sér þjónustu strætisvagna oft á síðastliðnum 12 mánuðum. Svipað hlutfall, eða 20%, sagðist hafa notað þjónustuna stundum (7%) eða sjaldan (13%) á sama tímabili. Rétt rúmlega helmingur svarenda (51%) sagðist aldrei hafa notað þjónustu strætisvagna en það væri vegna þess að þeir þyrftu ekki að nota hana. Nánari útlistun svara má sjá í töflu 14. Greining eftir bakgrunni sýnir að þátttakendur sem voru fimmtíu ára eða yngri voru líklegri til þess að nýta þjónustu strætisvagna en þeir sem eldri voru (sjá viðauka, tafla 3). Samanburður við árið 2018 sýnir að hlutfall þeirra sem nýta sér þjónustu strætisvagna, oft, stundum eða sjaldan, hefur dregist lítilega saman, úr 42% svarenda 2018 í 38% nú. Hins vegar svarar helmingur þátttakenda (51%) því nú að þeir þurfi ekki að nota þjónustu strætisvagna, samanborið við 35% svarenda árið 2018. Þá fækkar þeim hlutfallslega á milli kannana sem svara því að þjónusta strætisvagna sé ekki aðgengileg. Árið 2018 svöruðu 18% þátttakenda á þá leið en 7% nú (sjá mynd 3).

Tafla 14. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna þar sem þú býrð?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Oft	71	18%	18%
Stundum	26	7%	7%
Sjaldan	50	13%	13%
Aldrei, af því þjónustan er ekki aðgengileg	29	7%	7%
Aldrei, ég þarf ekki að nota þjónustu strætisvagna	201	51%	51%
Á ekki við, það er ekki boðið upp á þjónustu strætisvagna þar sem ég bý	16	4%	4%
Aldrei, vegna COVID faraldurs	2	1%	1%
Fjöldi svara	395	100%	
Vil ekki svara	1		
Alls	396		




Mynd 3. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna þar sem þú býrð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þá voru þátttakendur spurðir að því hvort þeir hefðu notað þjónustu strætisvagna á síðastliðnum 12 mánuðum til þess að komast á milli landshluta og svöruðu 14% á þá leið að þeir hefðu oft (2%), stundum (4%) eða sjaldan (8%) gert það. Mikill meirihluti þátttakenda hins vegar, eða ríflega þrír af hverjum fjórum (77%), sagðist aldrei hafa nýtt sér þjónustuna til þess að komast á milli landshluta vegna þess að þeir þurftu ekki á þjónustunni að halda. Þá sögðu tíu af hundraði að þeir hefðu ekki nýtt sér slíka þjónustu vegna þess að hún væri ekki aðgengileg (8%) eða að ekki væri boðið upp á strætisvagnþjónustu þar sem viðkomandi byggir (2%). Samanburður við árið 2018 sýnir að hlutfallslega færri nýti sér þjónustu strætisvagna nú til þess að komast á milli landshluta. Árið 2018 sögðust 18% þátttakenda nýta sér hana oft, stundum eða sjaldan. Þá segja hlutfallslega fleiri nú að þeir hafi ekki þurft að nýta sér þessa þjónustu (77%), samanborið við 61% þátttakenda 2018. Sjá nánar á mynd 4.

Tafla 15. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna til að komast á milli landshluta?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda
Oft	7	2%
Stundum	15	4%
Sjaldan	30	8%
Aldrei, af því í þjónustan er ekki aðgengileg	30	8%
Aldrei, ég þarf ekki að nota þjónustu strætisvagna á milli landshluta	300	77%
Á ekki við, það er ekki boðið upp á slíka strætisvagnþjónustu þar sem ég bý	6	2%
Aldrei, vegna COVID faraldurs	4	1%
Fjöldi svara	392	100%
Vil ekki svara	4	
Alls	396	




Mynd 4. Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum oft, stundum, sjaldan eða aldrei notað þjónustu strætisvagna til að komast á milli landshluta? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeim þætti að nálgast upplýsingar um réttindi sín og þjónustu að jafnaði. Rúmlega helmingur, eða 57% þátttakenda, taldi það frekar (37%) eða mjög erfitt (20%). Um þriðjungur svarenda svaraði á þá leið að þeim fundist það frekar auðvelt (34%) og níu af hundraði að það væri mjög auðvelt (sjá töflu 16). Nánari greining sýnir að hlutfallslega fleiri svarendur sem sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman fannst erfitt að nálgast upplýsingar um réttindi og þjónustu, samanborið við þá sem áttu auðveldara með að komast af fjárhagslega. Á hinn bóginn voru þeir sem sögðust komast vel af líklegri en aðrir til þess að finna það frekar eða mjög auðvelt að nálgast þessar upplýsingar (sjá viðauka, töflu 5). Ekki reyndist marktækur munur á svörum þátttakenda nú og árið 2018.

Tafla 16. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að nálgast upplýsingar um réttindi og þjónustu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög auðvelt	29	9%	9%
Frekar auðvelt	112	34%	34%
Frekar erfitt	120	37%	37%
Mjög erfitt	64	20%	20%
Fjöldi svara	325	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	71		
Alls	396		




Mynd 5. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að nálgast upplýsingar um réttindi og þjónustu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þá voru þátttakendur spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt það reyndist þeim að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum. Í töflu 17 má sjá að meirihluti svarenda sagði það frekar (34%) eða mjög erfitt (22%) en 44% þátttakenda svöruðu á þá leið að þeim hafi þótt það frekar (37%) eða mjög auðvelt (8%). Þátttakendur sem sögðu að þeir kæmst vel af fjárhagslega voru líklegri en aðrir til þess að finnast það auðvelt (sjá viðauka, tafla 6). Samanburður við árið 2018 sýnir að hlutfallslega færri telja það mjög auðvelt nú að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum en árið 2018 þegar 16% svarenda töldu það mjög auðvelt. Á móti segja fleiri nú að það sé frekar erfitt, eða rúmur þriðjungur samanborið við rúman fimmtung svarenda árið 2018 (sjá mynd 6).

Tafla 17. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum (t.d. Tryggingastofnunar ríkisins eða sveitarfélaga)?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög auðvelt	22	8%	■ 8%
Frekar auðvelt	106	37%	■ 37%
Frekar erfitt	97	34%	■ 34%
Mjög erfitt	64	22%	■ 22%
Fjöldi svara	289	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	107		
Alls	396		



Mynd 6. Að jafnaði hversu auðvelt eða erfitt finnst þér að sækja um þjónustu eða greiðslur á opinberum heimasíðum (t.d. Tryggingastofnunar ríkisins eða sveitarfélaga)? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021


Nám eða starf

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir stunduðu vinnu, nám eða væru í hæfingu; hver tæki ákvörðun um það; hversu ánægðir þeir væru með það sem þeir gerðu á daginn og hvaða menntun þeir hefðu lokið. Í töflu 18 má sjá að 34% svarenda hafa lokið grunnskólanámi, fjórðungur starfsnámi á framhaldsskólastigi, 7% iðnnámi, 13% stúdentsprófi og átta af hundraði háskólanámi. Nánari greining bendir til þess að samband sé á milli fjölda greindra skerðinga og menntunarstöðu þátttakenda. Tafla 7 í viðauka sýnir þannig að hlutfallslega fleiri svarendur með tvær eða fleiri skerðingar höfðu lokið grunnskólanámi eða minna, samanborið við þá sem höfðu verið greindir með eina skerðingu¹. Samanburður við 2018 sýnir að litlar breytingar hafa orðið á samsetningu þátttakenda með tilliti til menntunar á milli kannana. Á mynd 7 má sjá að 3% nefna valmöguleikann „annað“ nú en 2018 var sá flokkur ekki tilgreindur. Ekki er marktækur munur á milli ára þegar kemur að menntunarstöðu svarenda að öðru leyti.

¹ Í viðauka er valmöguleikinn annað ekki með í frekari greiningu á menntun.

Tafla 18. Hvaða menntun hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Hef ekki lokið grunnskóla	37	10%	10%
Grunnskólanámi	126	34%	34%
Starfsnámi á framhaldsskólastigi	93	25%	25%
Iðnnámi	26	7%	7%
Stúdentsprófi	49	13%	13%
Háskólanámi	28	8%	8%
Öðru námi	13	3%	3%
Fjöldi svarenda	372	100%	
Veit ekki / vil ekki sv ara	24		
Alls	396		













Mynd 7. Hvaða menntun hefur þú lokið? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021


Aðspurðir hvort þeir væru í vinnu, námi eða hæfingu svöruðu 27% þátttakenda að þeir væru ekki í vinnu, námi eða hæfingu og rúmlega fimmti hver (22%) sagðist vera í vinnu á vinnustað fyrir fatlað fólk. Hlutfall þeirra sem voru í vinnu á almennum vinnumarkaði án stuðnings var 15% og 13 af hundraði voru í hæfingu eða iðju. Nánari útlistun svara má sjá í töflu 19. Þátttakendur gátu merkt við fleiri en einn valmöguleika og því fer hlutfall svara yfir 100%. Ekki er um miklar breytingar að ræða þegar svör frá 2018 eru borin saman við svör þátttakenda nú. Heldur fleiri þátttakendur segjast vera í vinnu á vinnustað fyrir fatlað fólk nú, eða 22% samanborið við 17% árið 2018, en á mótí eru nokkuð færri í iðju eða hæfingu nú (sjá mynd 8²).

² Ekki reyndist unnt að reikna niðurstöðu marktækniþrófs vegna framsetningar spurninganna 2018 og nú.

Tafla 19. Ert þú í vinnu, námi eða hæfingu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda*		
Í vinnu á almennum vinnumarkaði (án stuðnings)	58	15%		15%
Í vinnu á almennum vinnumarkaði með stuðningi (t.d. AMS)	24	6%		6%
Í vinnu á almennum vinnumarkaði með NPA	8	2%		2%
Í vinnu á vinnustað fyrir fatlað fólk	83	22%		22%
Í hæfingu / iðju	49	13%		13%
Í starfsendurhæfingu	9	2%		2%
Er í athvarfi	6	2%		2%
Er í námi	29	8%		8%
Er á eftirlaunum	34	9%		9%
Er ekki í vinnu, námi, iðju, starfsendurhæfingu eða athvarfi	103	27%		27%
Fjöldi svarenda	379	106%		
Veit ekki / vil ekki svara	17			
Alls	396			

*Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti







**Ekki var spurt um vinnu á almennum vinnumarkaði með NPA árið 2018

Mynd 8. Ert þú í vinnu, námi eða hæfingu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir sjálfir eða aðrir tækju eða hefðu tekið ákvörðun um það hvaða vinnu, nám eða hæfingu þeir sæktu. Niðurstöður eru sýndar í töflu 20. Af þeim sem tóku afstöðu sögðu 42% svarenda að þeir sjálfir tækju ákvörðun um það, 38% tóku ákvörðunina í samráði við aðra og fimmti hver sagði að ákvörðun um vinnu, nám eða hæfingu væri tekin af öðrum. Þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu, þeir sem bjuggu í eigin húsnæði eða leigðu á almennum leigumarkaði og þeir sem voru með færri skerðingar voru líklegri til þess að taka ákvörðun um hvaða vinnu, nám eða hæfingu þeir sóttu m.t.t. samanburðarhópa (sjá viðauka, töflu 8). Samanburður við árið 2018 (mynd 9) sýnir ekki fram á marktækan mun á svörum á milli ára.

Tafla 20. Hver tekur eða tók ákvörðun um það hvaða vinnu, nám eða hæfingu þú sækir?


	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Ég sjálf(ur)	115	42%		42%
Ég í samráði við aðra (t.d. starfsfólk eða aðstandendur)	104	38%		38%
Aðrir (t.d. starfsfólk, aðstandendur, starfsfólk stjórnýslu)	54	20%		20%
Fjöldi svara	273	100%		
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	123			
Alls	396			



Mynd 9. Hver tekur eða tók ákvörðun um það hvaða vinnu, nám eða hæfingu þú sækir? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með það sem þeir gerðu á daginn. Þeir sem voru í vinnu á almennum vinnumarkaði voru þannig spurðir hversu ánægðir þeir væru með vinnuna á almenna vinnumarkaðinum, þeir sem voru í námi voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með námið sitt o.s.frv. Þeir sem ekki voru í vinnu, hæfingu eða iðju, starfsendurhæfingu, athvarfi eða námi fengu almennt orðaða spurningu: *Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með það sem þú gerir á daginn?* Heilt yfir sögðust þátttakendur vera ánægðir með það sem þeir gerðu á daginn: Langflestir, eða á milli 84-90% þátttakenda sem voru í vinnu (með eða án stuðnings, með NPA eða á vinnustað fyrir fatlað fólk), voru frekar eða mjög ánægðir með það sem þeir gerðu á daginn. Yfir 90 af hundraði (93%) þeirra svarenda sem voru í námi

sögðust frekar eða mjög ánægðir, og í kringum 70 af hundraði þeirra sem voru í hæfingu, starfsendurhæfingu eða iðju. Nánari útlíking svara má sjá á mynd 10. Þeir sem ekki voru í vinnu, í hæfingu, starfsendurhæfingu eða iðju, athvarfi eða námi voru ólíklegri en aðrir til þess að segjast vera ánægðir – en 59% þeirra sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með það sem þeir gerðu á daginn.




Mynd 10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ...?

Eftir að svör þátttakenda, sem sýnd eru á mynd 10, höfðu verið sameinuð og greind til þess að eiga kost á samanburði við árið 2018³ má sjá að tæplega þrír af hverjum fjórum svarendum sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með það sem þeir gerðu á daginn. Ellefu af hundraði sögðust annað hvort vera frekar (8%) eða mjög óánægðir (3%) (sjá töflu 21). Þrátt fyrir mun á orðalagi í könnuninum tveimur er dreifing svara mjög áþekkt á milli ára og ekki er um marktækan mun að ræða á svörum nú og árið 2018 (sjá mynd 11).

³ Í könnuninni 2018 voru þátttakendur spurðir með almennum hætti hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með það sem þeir gerðu á daginn.

Tafla 21. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það sem þú gerir á daginn?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög ánægð(ur)	148	38%	38%
Frekar ánægð(ur)	135	35%	35%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	59	15%	15%
Frekar óánægð(ur)	32	8%	8%
Mjög óánægð(ur)	11	3%	3%
Fjöldi svara	385	100%	
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	11		
Alls	396		




Mynd 11. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það sem þú gerir á daginn? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Reynsla af þjónustu

Þátttakendur voru spurðir hvort gerð hafi verið einstaklingsbundin áætlun fyrir þá um þá þjónustu og stuðning sem þeir fá. Ríflega helmingur, 56 af hundraði, sagði svo vera en 44% svöruðu því neitandi (sjá töflu 22). Þeir þátttakendur sem töldu sig komast vel af fjárhagslega voru líklegri en aðrir, m.t.t. fjárhags, til þess að vera með einstaklingsbundna áætlun. Þá voru hlutfallslega fleiri þátttakendur sem höfðu greinst með þrjár skerðingar eða fleiri með áætlun, samanborið við einstaklinga með færri greiningar, sem og þeir þátttakendur sem bjuggu í íbúðakjarna, sambýli eða á félagslegum leigumarkaði. Þátttakendur með hreyfihömlun eða sjón- eða heyrnarskerðingu voru ólíklegri en aðrir til þess að hafa fengið einstaklingsbundna áætlun (sjá viðauka, töflu 9). Samanburður við árið 2018 (sjá mynd 12) sýnir að hlutfallslega fleiri hafa fengið einstaklingsbundna áætlun nú en þá, eða 56% samanborið við 49% árið 2018.

Tafla 22. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig um þjónustu og stuðning sem þú færð?

	Fjöldi	Hlutfall sv. arenda		
Já	195	56%		56%
Nei	155	44%		44%
Fjöldi svara	350	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	46			
Alls	396			




Mynd 12. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir þig um þjónustu og stuðning sem þú færð? - Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur með einstaklingsbundnar áætlanir voru spurðir að því hvort áætlunin hafi verið unnin í samráði við þá og í töflu 23 má sjá að rúmur helmingur þátttakenda (51%) sagði áætlunina að öllu leyti hafa verið unna í samráði við sig og 42% til viðbótar sögðu hana hafa verið unna að nokkru leyti í samráði við sig. Ekki er marktækur munur á svörum nú og árið 2018.

Tafla 23. Er áætlunin unnin í samráði við þig?

	Fjöldi	Hlutfall sv. arenda		
Já, að öllu leyti	94	51%		51%
Já, að nokkru leyti	78	42%		42%
Nei	12	7%		7%
Fjöldi svara	184	100%		
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	212			
Alls	396			




Mynd 13. Er áætlunin unnin í samráði við þig? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þá voru þátttakendur spurðir að því hvort skipaður hafði verið málstjóri fyrir þá sem samhæfir þjónustu og er tengiliður á milli þjónustukerfa. Rétt tæpur þriðjungur svarenda (32%) sagði svo vera en um það bil tveir af hverjum þremur (68%) sögðu að ekki hafi verið skipaður málstjóri fyrir sig (sjá töflu 24). Þátttakendur sem bjuggu í eigin húsnæði eða leigðu á almennum leigumarkaði voru ólíklegri en aðrir til þess að hafa fengið skipaðan málstjóra, sem og þeir þátttakendur sem voru með hreyfihömlun eða sjón- eða heyrnarskerðingu þegar svör voru greind eftir tegund skerðingar. Hlutfallslega fleiri þátttakendur á aldrinum 35-50 ára höfðu fengið skipaðan málstjóra, samanborið við aðra aldurshópa (sjá viðauka, tafla 11). Ekki reyndist marktækur munur á svörum nú og árið 2018 (sjá mynd 14).

Tafla 24. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir þig sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður milli þjónustukerfa?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda
Já	109	32%
Nei	229	68%
Fjöldi svara	338	100%
Veit ekki / vil ekki svara	58	
Alls	396	




Mynd 14. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir þig sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður milli þjónustukerfa? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Eins og sjá má í töflu 25 var meirihluti þátttakenda, rúmlega sjö af hverjum tíu, sammála þeirri fullyrðingu að þjónustan sem þeir fengu gerði þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi: 40% voru mjög sammála og 31% frekar sammála. Á móti voru 15 af hundraði frekar (8%) eða mjög ósammála fullyrðingunni (7%). Þátttakendur sem sögðu að þeir kæmust vel af fjárhagslega voru líklegri en þeir sem áttu frekar eða mjög erfitt að ná endum saman til þess að vera sammála fullyrðingunni. Þá voru þeir svarendur sem höfðu greinst með eina skerðingu líklegri til þess að vera sammála en þeir sem höfðu verið greindir með fleiri skerðingar. Hlutfallslega færri þátttakendur á aldrinum 18-34 ára voru sammála því að þjónustan sem þeir fengu gerði þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi, samanborið við aðra aldurshópa (sjá viðauka, tafla 12). Ekki reyndist marktækur munur á svörum nú og árið 2018 (sjá mynd 15).

Tafla 25. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni „þjónustan sem ég fæ gerir mér kleift að lifa sjálfstæðu lífi“?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög sammála	141	40%	40%
Frekar sammála	110	31%	31%
Hvorki sammála né ósammála	47	13%	13%
Frekar ósammála	28	8%	8%
Mjög ósammála	24	7%	7%
Fjöldi svara	350	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	46		
Alls	396		




Mynd 15. Hversu sammála eða ósammála ertu fullyrðingunni „þjónustan sem ég fæ gerir mér kleift að lifa sjálfstæðu lífi“ – Samanburður á svörum árin: 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir væru þegar á heildina er litið ánægðir eða óánægðir með þjónustuna sem þeir væru að fá. Mikill meirihluti svarenda sagðist vera mjög (37%) eða frekar (38%) ánægður með þjónustuna, eða þrír af hverjum fjórum. Einn af hverjum tíu var frekar (6%) eða mjög óánægður (4%) eins og sjá má í töflu 26. Ekki reyndist marktækur munur á svörum þátttakenda nú og árið 2018 (sjá mynd 16).

Tafla 26. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Mjög ánægð(ur)	131	37%		37%
Frekar ánægð(ur)	137	38%		38%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	54	15%		15%
Frekar óánægð(ur)	21	6%		6%
Mjög óánægð(ur)	13	4%		4%
Fjöldi svara	356	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	40			
Alls	396			




Mynd 16. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem þú ert að fá? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Daglegt líf

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með það hvernig þeir búa (sjá töflu 27). Mikill meirihluti sagðist annað hvort vera frekar (30%) eða mjög ánægður (49%), eða rétt um fjórir af hverjum fimm. Einn af hverjum tíu var annað hvort frekar (6%) eða mjög óánægður (4%). Ekki reyndist um marktækan mun að ræða varðandi ánægju með búsetu þegar svör eru borin saman við þau frá 2018 (mynd 17).

Tafla 27. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það hvernig þú býrð?

	Fjöldi	Hlutfall sv. arenda	
Mjög ánægð(ur)	189	49%	49%
Frekar ánægð(ur)	117	30%	30%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	40	10%	10%
Frekar óánægð(ur)	23	6%	6%
Mjög óánægð(ur)	16	4%	4%
Fjöldi svara	385	100%	
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	11		
Alls	396		




Mynd 17. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með það hvernig þú býrð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: *Ég stýri því sjálf(ur) hvað ég geri og hvenær í daglegu lífi*. Eins og fram kemur í töflu 28 voru alls 76% þátttakenda mjög (43%) eða frekar (33%) sammála fullyrðingunni. Tólf af hundruði voru frekar (8%) eða mjög ósammála (4%). Samanburður við árið 2018 sýnir að ekki er um marktækan mun að ræða þegar kemur að svörum þátttakenda nú og þá (mynd 18).

Tafla 28. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég stýri því sjálf(ur) hvað ég geri og hvenær í daglegu lífi.

	Fjöldi	Hlutfall svarenda		Hlutfall
Mjög sammála	164	43%		43%
Frekar sammála	124	33%		33%
Hvorki sammála né ósammála	45	12%		12%
Frekar ósammála	31	8%		8%
Mjög ósammála	14	4%		4%
Fjöldi svara	378	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	18			
Alls	396			




Mynd 18. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég stýri því sjálf(ur) hvað ég geri og hvenær í daglegu lífi. – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir upplifðu oft, stundum, sjaldan eða aldrei að fá ekki að ráða sér sjálfir. Minnihluti svarenda, eða 36%, sögðust aldrei upplifa slíkt. Rúmlega einn af hverjum fimm (21%) hafði upplifað slíkt en sjaldan, 30% svarenda sagðist stundum upplifa það og 13% svöruðu á þá leið að þeir upplifðu það oft að fá ekki að ráða sér sjálfir (sjá töflu 29). Þátttakendur sem sögðust eiga frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman voru líklegri til þess að hafa upplifað slíkt, samanborið við þá sem höfðu það betra fjárhagslega, sem og þeir aðilar sem höfðu verið greindir með þrjár skerðingar eða fleiri eftir að svör voru greind eftir fjölda skerðinga. Hlutfallslega færri þátttakendur sem bjuggu í eigin húsnæði eða leigðu á almennum leigumarkaði sögðust hafa upplifað að fá ekki að ráða sér sjálfir, samanborið við aðra búsetuhópa (sjá viðauka, tafla 16). Samanburður við árið 2018 sýnir að ekki er marktækur munur á svörum á milli ára (mynd 19).

Tafla 29. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að fá ekki að ráða þér sjálf(ur)?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda
Oft	45	13%
Stundum	107	30%
Sjaldan	77	21%
Aldrei	130	36%
Fjöldi svara	359	100%
Veit ekki / vil ekki svara	37	
Alls	396	




Mynd 19. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að fá ekki að ráða þér sjálf(ur)? Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Meirihluti þátttakenda, eða um tveir af hverjum þremur, svaraði á þá leið að þeir hefðu einhvern tímann upplifað áreitni eða fordóma annarra í sinn garð: Oft (15%), stundum (26%) eða sjaldan (25%). Þriðjungur þátttakenda hafði aldrei upplifað slíkt (sjá töflu 30). Þeir sem áttu erfitt með að

láta fjárhagslega enda ná saman voru líklegri en þeir sem stóðu betur fjárhagslega til þess að hafa upplifað áreitni eða fordóma í sinn garð, sem og þeir þátttakendur sem höfðu verið greindir með þrjár skerðingar eða fleiri. Svör nú eru sambærileg við þau frá 2018, en ekki reyndist marktækur munur á svörum á milli ára (mynd 20).

Tafla 30. Hefur þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei upplifað áreitni eða fordóma annarra í þinn garð?





	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Oft	52	15%	15%
Stundum	93	26%	26%
Sjaldan	90	25%	25%
Aldrei	118	33%	33%
Fjöldi svara	353	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	43		
Alls	396		




Mynd 20. Hefur þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei upplifað áreitni eða fordóma annarra í þinn garð? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir upplifðu það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að vera einmana. Eins og fram kemur í töflu 31, upplifði meirihluti svarenda sig stundum (42%) eða oft (17%) einmana. Tæpur fimmtungur (18%) sagðist sjaldan upplifa slíkt og um það bil fjórðungur (23%) sagðist aldrei upplifa sig einmana. Nánari greining sýnir að töluvert fleiri þátttakendur sem áttu frekar eða mjög erfitt með að láta enda ná saman sögðust upplifa það oft að vera einmana, samanborið við þá sem áttu auðveldara með að komast af fjárhagslega (tafla 18 í viðauka). Helstu breytingar á milli ára, þegar svör nú eru borin saman við svör frá 2018, felast í því að færri segjast nú upplifa sig oft einmana en að sama skapi svara fleiri því að þeir upplifi slíkt stundum, samanborið við árið 2018 (sjá mynd 21).

Tafla 31. Upplifir þú það oft, stundum, sjaldan eða aldrei að vera einmana?






	Fjöldi	Hlutfall svarenda		
Oft	64	17%		17%
Stundum	153	42%		42%
Sjaldan	66	18%		18%
Aldrei	83	23%		23%
Fjöldi svara	366	100%		
Veit ekki / vil ekki svara	30			
Alls	396			




Mynd 21. Upplifir þú oft, stundum, sjaldan eða aldrei að vera einmana? – Samanburður á svörum árið 2018 og 2021

Þá voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: *Ég á í eins miklum félagslegum samskiptum og ég vil*. Eins og sjá má í töflu 32 var meirihluti svarenda frekar (27%) eða mjög (32%) sammála fullyrðingunni en 28% svarenda voru annað hvort frekar (18%) eða mjög (10%) ósammála. Hlutfallslega fleiri þátttakendur sem sögðust komast vel af fjárhagslega voru mjög sammála fullyrðingunni en þeir sem voru síður settir fjárhagslega. Svarendur sem bjuggu í foreldrahúsum eða með ættingjum, sem og þeir sem höfðu verið greindir með þrjár eða fleiri skerðingar voru hins vegar ólíklegri en aðrir til þess að vera mjög sammála því að þeir ættu í eins miklum félagslegum samskiptum eins og þeir vildu. Ekki reyndist marktækur munur á svörum nú og árið 2018 (mynd 22).

Tafla 32. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég á í eins miklum félagslegum samskiptum og ég vil.

	Fjöldi	Hlutfall sv. arenda		
Mjög sammála	116	32%		32%
Frekar sammála	99	27%		27%
Hvorki sammála né ósammála	46	13%		13%
Frekar ósammála	64	18%		18%
Mjög ósammála	37	10%		10%
Fjöldi svara	362	100%		
Veit ekki / vil ekki sv. ara	34			
Alls	396			




Mynd 22. Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: Ég á í eins miklum félagslegum samskiptum og ég vil. – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu farið í sumarbúðir, ferðast innanlands eða farið til útlanda síðastliðið sumar. Flestir, eða rúmlega helmingur svarenda, höfðu farið í ferðalag innanlands – 53% svarenda án þess að gista og 51% svarenda hafði farið í ferðalag þar sem var gíst. Fjórtán af hundraði þátttakenda fór í sumarbúðir og 7% höfðu farið til útlanda. Borið saman við svör frá 2018 þá hafði dregið úr utanlandsferðum á milli ára en 2018 sögðust 30% svarenda hafa farið erlendis. Hins vegar fóru heldur fleiri í sumarbúðir nú samanborið við níu af hundraði árið 2018 (sjá mynd 23).

Tafla 33. Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu þínu síðasta sumar? Fórst í sumarbúðir, ferðalag innanlands án þess að gista, ferðalag innanlands þar sem var gist (hér er ekki átt við sumarbúðir) eða til útlanda?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Fórst í sumarbúðir	54	336	390	14%
Fórst í ferðalag innanlands án þess að gista	203	180	383	53%
Fórst í ferðalag innanlands þar sem var gist	197	187	384	51%
Fórst til útlanda	28	362	390	7%



Mynd 23. Gerðir þú eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu þínu síðasta sumar? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Loks fengu þátttakendur tækifæri á að koma athugasemdum á framfæri varðandi umfjöllunarefni könnunarinnar. Alls bárust 305 athugasemdir frá 126 svarendum. Sumar voru jákvæðar (19) og þátttakendur lýstu ánægju sinni með þá þjónustu eða bjargir sem þeim standa til boða. Aðrar athugasemdir lýstu óánægju með ákveðna þjónustu og þátttakendur komu ábendingum á framfæri um það sem betur mætti fara (286). Flestar athugasemdirnar sneru að skorti á þjónustu eða úrræðum (34), lýstu erfiðri fjárhagsstöðu (30) eða voru í formi kvartana um ófullnægjandi upplýsingagjöf (24) eða slæmu aðgengi að manngerðu umhverfi, upplýsingum og gögnum (24). Í töflum 34-35 má sjá athugasemdirnar flokkaðar efnislega eftir innihaldi þeirra. Margir nefndu fleiri en eitt atriði og því er fjöldi athugasemda meiri en fjöldi þátttakenda sem svöruðu spurningunni.

Tafla 34. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Ánægja með þjónustu eða hrós

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Ánægja með þjónustu eða hrós	19	
Ánægja með ýmsa þjónustu	11	<ul style="list-style-type: none"> - [Bæjarfélag] er að standa sig, fæ matarsendingar og ekkert að athuga við þrif og fleira. Dekrað við mig. - Blindrafélagið er með mjög góða þjónustu, bílaþjónustan frábær. - NPA gerir mér kleyft að lifa, læra og vinna. Án NPA væri staða mín mun verri.
Ánægja með starfsfólk	4	<ul style="list-style-type: none"> - Mætt góðu viðmóti og góðri þjónustu og heppinn með allt starfsfólk.
Búseta	2	<ul style="list-style-type: none"> - Mér líður mjög vel þar sem ég bý, sáttur við lífið.
Atvinna	2	<ul style="list-style-type: none"> - Ás frábært starf.

Tafla 35. Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	286	
Ónóg þjónusta	34	<ul style="list-style-type: none"> - Það er erfitt að fá þjónustu sem þarf, virkilega erfitt. Það er voða vont að fá ekki þá hjálp sem þarf þegar maður sér illa, t.d. einhver sem fer með manni í búðir og svoleiðis. Meiri hjálp við að þrifa. - Ég sækist eftir frekari þjónustu þar sem ég hef fallið á milli stóla í kerfinu, en ég hef reynt mikið að ná mér í frekari þjónustu en gengið MJÖG illa. [...] Ég á erfitt sjálfur með að biðja um þjónustu, svo hefur mér gengið illa í þau skipti þegar ég leitaðist eftir þjónustu og þá fer allt í baklás. - Úrræðin eru oft fá eða lítil.
Tryggja þarf fjárhagslega afkomu	30	<ul style="list-style-type: none"> - Fötluðu fólk er ætlað að lifa á fáránlega lágrí upphæð. - Vil ítreka bága fjárhagsstöðu öryrkja. - Tekst rétt svo að ná endum saman með mikilli fyrirhöfn, ekkert má koma uppá. - Þyrfti að breyta tekjum öryrkja, þyrfti að fá hærri tekjur, ætti ekki að minnka þær þegar börn verða 18 ára, þau eru alltaf bömin manns.
Upplýsingagjöf ófullnægjandi	24	<ul style="list-style-type: none"> - Það vantar upplýsingar, ég veit ekki hvert á að leita og finnst kerfið benda á hvort annað. - Það vantar upplýsingar sem mætti gefa manni, frekar en að maður sé leitandi, afhenda manni upplýsingar sem maður hefur verið að leita eftir í marga daga út um allan bæ, ef maður hefur rétt á einhverju á ekki að vera að bulla með það. - Mætti vera miklu meiri fræðsla þegar maður verður óvinnufær, ég vissi ekki að ég hefði allskonar réttindi. - Vantar samtal og fræðslu um réttindi.
Aðgengi ábótavant að manngerðu umhverfi, upplýsingum og gögnum	24	<ul style="list-style-type: none"> - Léleg aðkoma að mörgum opinberum byggingum fyrir fólk sem er í hjólastól og þarf hjálparkæki. - Byggingafulltrúar mættu fara að lögum og reglum svo aðgengi batnaði. - Þarf að leita að auðskildu máli, falið í öllu sem ríkið gerir. - Það er mjög hamlandi og mikið misrétti gagnvart fólk í minni stöðu að geta ekki nýtt rafræn skilríki.

Tafla 35 (framhald). Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	286	
Þjónusta ekki einstaklingsmiðuð	18	<ul style="list-style-type: none"> - Einstaklingsbundin þjónusta og áætlanir, ekkert að marka það. - Ég stýri ekki daglegu lífi, heimaþjónustan kemur stundum þegar þarf ekki og ég læt vita en þau koma samt, þetta getur verið þvingandi. - Þarf að fá úthlutað íbúð á grundvelli fötlunar, fær íbúð sem veitir ekki nægjanlega mikla þjónustu.
Brotið á réttindum	12	<ul style="list-style-type: none"> - Ég, fjölskylda mín og aðrir nánir aðstandendur höfum þurft að berjast fyrir flestallri þjónustu sem ég á rétt á samkvæmt lögum. - Mér finnst að Barnavernd mætti virða réttindi fatlaðs fólks. Mikið í kerfinu má finna mjög mikið andlegt ofbeldi í garð fatlaðra foreldra.
Heilbrigðisþjónusta – skortir fagþekkingu og meiri eða betri þjónustu	16	<ul style="list-style-type: none"> - Hann er oft mjög óánægður, lækur fer ekki á hans plan og talar ekki við hann þannig að hann skilji. - Alvarlegur brestur er á heilbrigðisþjónustu við fólk með svona mikla fötlun eins og sonur minn hefur. Heilsugæslan reynir en getur ekki sinnt þörfum hans og viðurkennir að þekking og kunnátta þar á bæ er rýr. - Er mjög óánægð með suma lækna ekki alla. Mætti vera betri læknaþjónusta hér.
Þörf á að styrkja betur félagslíf og rjúfa einangrun	14	<ul style="list-style-type: none"> - Félagsmálin mættu vera skárri, vantar einhvern í heimsókn, hafa félagsskap. - Er mikið heima, fer ekki neitt, ekki heilsa né geta til þess. - Vantar að komast í samfélagið, þjónusta til þess, vera fullgild, samfélagslega samveru.
Tryggingastofnun ríkisins veitir óviðunandi þjónustu	14	<ul style="list-style-type: none"> - Tryggingastofnun er fyrir neðan allar hellur, þarf að endurskoða allt þar frá grunni, hef staðið í veseni þar. - Erfitt að fara inná Tryggingastofnun, finna út hvað á að gera, þarf stundum aðstoð.
Fjölga þarf búsetuúrræðum, auka fjölbreytni og bæta þjónustu	13	<ul style="list-style-type: none"> - Mig vantar að [bæjarfélag] veiti honum meiri umönnun í íbúðinni, hann fékk íbúð sem veitir ekki nægjanlega mikla þjónustu. - Meiri fjölbreyttari þjónusta fyrir þessa hópa úrræði fyrir búsetu ábótavant, steypa öllum í sama mót, sjálfstæð búseta hvort sem hentar eða ekki.
Aksturs- og ferðaþjónusta er ábótavant	13	<ul style="list-style-type: none"> - Vil geta komist meira á milli staða, slæmt að fá þjónustu og þurfa bíða eftir að fleiri eru sóttir, ekki góð þjónusta. - Notaði ferðaþjónustuna og hún reyndist óaðgengileg, er hættur, í dag er það vinir eða félagar sem skutla.
Þjónusta versnaði í Covid-19 faraldrinum	10	<ul style="list-style-type: none"> - Ég var með stuðningsþjónustu og heimaþrif en bæði datt niður í covid faraldrinum og hefur ekki komið til baka. - Mikil einsemd í covid.
Bæta þarf námsframboð og aðgengi að námi	9	<ul style="list-style-type: none"> - Vil komast í skóla, ekki hægt að komast að, erfitt að fá framhald. Það er prógram í kennaraháskólanum ekki séns að komast að, fáir sem komast þangað, vantar framhald eftir [framhaldsskóla]. - Mætti vera skólar fyrir fólk sem er seinnlært, finnst hafa prófa marga skóla en gengur mjög illa. [...] Finnst að bæjarfélög mættu bæta við skóla sem geta aðstoða fólk sem er með erfiðleika.

Tafla 35 (framhald). Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	286	
Þrifum ábótavant eða ekki sniðin að þörfum notenda	9	<ul style="list-style-type: none"> - Get ekki fengið aðstoð með þrif sem þarf, glugga og fleira þar sem þarf að fara upp í stiga, má ekki lyfta upp hlut til að þurrka af, má ekki þetta og hitt og hver á að gera þetta? - Þrif aðra hverja viku í næstum klst. mis ánægður, ekki alltaf vel gert.
Félagsleg liðveisla nýtist illa, erfitt að fá starfsfólk	9	<ul style="list-style-type: none"> - Félagssleg liðveisla hefur of mikið að gera, hefur ekki tíma, hún hefur ekki tíma til að vera með mér. - Hef heyrt um liðveislu, aldrei fengið, einu sinni hringt og spurt hvernig mér finnst liðveislun vera, ég spurði hvað meinarðu hef aldrei verið með liðveislu, það kom á manneskjuna.
Löng bið eftir þjónustu	8	<ul style="list-style-type: none"> - Löng bið 2-3 ára bið, eftir þjónustu sem maður er loksins búin að uppgötva að hafa rétt á og það er fáránlegt. - Var sótt um sjúkraþjálfun, endurhæfingu, í nóvember 2020, fékk fyrst fyrir viku, líkaði ekki vel, mikill biðtími, mjög óánægð með biðtíma.
Fjölga þarf atvinnutækifærum á almennum vinnumarkaði	7	<ul style="list-style-type: none"> - Vil komast á almenna vinnumarkaðinn, atvinnu með aðstoð. Ás er gamaldags. Meiri vinnu hjá [sveitarfélaginu], auka stuðning svo sé sami á báðum stöðum. - Hið opinbera og sveitarfélög þurfa að auka framboð af áhugaverðum störfum fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsorku.
Þjónusta réttindagæslumanna nýtist illa	5	<ul style="list-style-type: none"> - Réttindagæslumaður var alls ekki að virka, slæm þjónusta.
Sambættingu skortir á milli kerfa	4	<ul style="list-style-type: none"> - Ekki einhver einn sem hefur yfirsýn yfir hluti, einn með heimaþjónustu, liðveisla, atvinnumál og kerfin tala ekki saman.
Mannekla/starfsmannabreytingar	4	<ul style="list-style-type: none"> - Vantar starfsfólk, liðveisla, fæst ekki fólk, fæ heldur ekki heimaþjónustu, sagt mannekla.
Almenn óánægja með þjónustu	5	<ul style="list-style-type: none"> - Það væri hægt að gera þetta svo miklu betur.



2. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL FORSJÁRAÐILA BARNA

Um þátttakendur






Í eftirfarandi töflum og myndum má finna upplýsingar um börn sem nota þjónustu sveitarfélaganna með tilliti til stöðu þeirra, reynslu og viðhorfa. Forsjáraðilar barnanna svöruðu spurningunum fyrir þeirra hönd. Í bakgrunnstöflum í viðauka má sjá spurningar könnunarinnar greindar nánar eftir þeim þáttum sem fram koma í töflum 36 til 41.

Í töflu 36 má sjá að þrír fjórðu þátttakenda eru forsjáraðilar drengja en fjórði hver er forsjáraðili stúlkna. Aldursdreifing barnanna sem um ræðir er nokkuð jöfn, að frátöldum yngsta hópnum sem samanstendur af börnum sex ára og yngri (6%). Flestir forsjáraðilar svara fyrir börn á aldrinum 13 til 15 ára, eða 27%, rúmlega fimmtungur annars vegar fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára (21%) og hins vegar fyrir börn 16 ára og eldri (22%). Þá er tæpur fjórðungur þátttakenda forsjáraðili barns á aldrinum 10 til 12 ára (sjá töflu 37).

Tafla 36. Kyn barns

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Strákur	402	75%	 75%
Stelpa	135	25%	 25%
Fjöldi svara	537	100%	

Tafla 37. Hvað er barnið gamalt?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Yngra en 6 ára	33	6%	 6%
6 til 9 ára	114	21%	 21%
10 til 12 ára	130	24%	 24%
13 til 15 ára	143	27%	 27%
16 ára eða eldra	116	22%	 22%
Fjöldi svara	536	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	1		
Alls	537		

Í töflu 38 er yfirlit yfir skerðingar barnanna. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti og jafnframt var spurt hversu mikil áhrif skerðingarnar hefðu á daglegt líf barnanna. Flest börnin höfðu verið greind með athyglisbrest en 65% svarenda merktu við þá greiningu. Af þeim sögðu 63% svarenda að athyglisbrestinn hefði mikil áhrif á daglegt líf barnsins og þriðjungur að hann hefði nokkur áhrif. Rúmlega helmingur, 54%, sagði barnið hafa verið greint með þroskahömlun. Af þeim sögðu 58% að hún hefði mikil áhrif á daglegt líf barnsins, tæplega þriðjungur að hún hefði nokkur áhrif og tíundi hver að hún hefði lítil áhrif. Tæpur helmingur svarenda (48%) sagði að barnið hefði verið greint með einhverfu og þar af sögðu 62% að skerðingin hefði haft mikil áhrif á daglegt líf en þriðji hver að hún hefði nokkur áhrif. Rúmlega þriðjungur barnanna (35%) hafði verið greindur með hreyfihömlun og tæpur fimmtungur (18%) með geðfötlun. Af þeim greiningum sem merkt var við sögðu hlutfallslega flestir að hegðunarröskun hefði mikil áhrif á daglegt líf barnsins (81%), þar á eftir komu börn með athyglisbrest en 63% svarenda sögðu hann hafa mikil áhrif. Þá sögðu 62% þeirra sem merktu við einhverfu og 61% þeirra sem merktu við málörðugleika að skerðingarnar hefðu haft mikil áhrif á daglegt líf barnsins. Nánari útlistun svara má sjá í töflu 38. Þar sem þátttakendur gátu merkt við fleiri en eina greiningu fer hlutfall svara yfir 100%. Mikill meirihluti svaranda merkti við tvær greiningar (37%) eða fleiri (46%) en 17 af hundraði merkti við eina greiningu (sjá töflu 39).

Tafla 38. Hefur barnið greinst með eitthvað af eftirfarandi og ef svo er er hefur það haft mikil, nokkur eða lítil áhrif á daglegt líf þess?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Hlutfall svara		
Hegðunarröskun	16	3%	81%	19%	
Athyglisbrestur	348	65%	63%	32%	5%
Einhverfa	255	48%	62%	33%	5%
Málörðugleikar	38	7%	61%	32%	8%
Þroskahömlun	292	55%	58%	32%	10%
Flogaveiki	44	8%	52%	30%	18%
Geðfötlun	98	18%	48%	32%	20%
Hreyfihömlun	190	36%	45%	34%	21%
Sjónskerðing	60	11%	38%	33%	28%
Heyrnarskerðing	52	10%	29%	33%	38%
Annað	44	8%	59%	34%	7%
Fjöldi svara	532				
Veit ekki / vil ekki svara	5				
Alls	537				

Tafla 39. Fjöldi skerðinga

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Ein skerðing	90	17%	17%
Tvær skerðingar	194	37%	37%
Þrjár skerðingar eða fleiri	246	46%	46%
Fjöldi svara	530	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	7		
Alls	537		









Þátttakendur voru beðnir um að svara því hvað lýsti best fjárhagslegri afkomu heimilisins þessa dagana. Flestir, eða 38%, sögðu að heimilið kæmist vel af fjárhagslega og 35% að það tækist að ná endum saman. Einn af hverjum fimm sagði það frekar erfitt og sjö af hundraði að það væri mjög erfitt að láta enda ná saman (sjá töflu 40).

Tafla 40. Hvað lýsir best fjárhagslegri afkomu heimilisins þessa dagana?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Heimilið kemst vel af	203	38%	38%
Það tekst að ná endum saman	183	35%	35%
Það er frekar erfitt að láta enda ná saman	105	20%	20%
Það er mjög erfitt að láta enda ná saman	38	7%	7%
Fjöldi svara	529	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	8		
Alls	537		

Eins og sjá má í töflu 41 voru flestir þátttakenda búsettir í Reykjavík (14%) eða nágrennasveitarfélögum (35%). Þá bjuggu 17% svarenda á Norðurlandi, tíundi hver var búsettur á Suðurnesjum, 9% á Suðurlandi, sjö af hundraði á Austurlandi og á Vesturlandi og 2% á Vestfjörðum.





Tafla 41. Búseta svaranda

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Reykjavík	75	14%	 14%
Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur	187	35%	 35%
Austurland	36	7%	 7%
Norðurland	91	17%	 17%
Suðurland	46	9%	 9%
Suðurnes	53	10%	 10%
Vestfirðir	9	2%	 2%
Vesturland	40	7%	 7%
Fjöldi svara	537	100%	


Reynsla af þjónustu

Þátttakendur voru spurðir hvort gerð hafi verið einstaklingsbundin áætlun fyrir barnið um þá þjónustu og stuðning sem það fengi í skólanum eða annars staðar. Fjórir af hverjum fimm sögðu að gerð hafi verið einstaklingsbundin áætlun fyrir barnið í skólanum, þriðji hver svarandi að áætlun væri í tengslum við aðra þjónustu en 14% svarenda sögðu að einstaklingsbundin áætlun hefði ekki verið gerð, hvorki í skólanum né í tengslum við aðra þjónustu. Þátttakendur gátu merkt við allt sem við átti og því fer hlutfall svara yfir 100% í töflu 42. Mynd 24 sýnir samanburð við árið 2018 en niðurstöður eru settar fram með eilítið öðrum hætti en í töflu 43 til að tryggja að upplýsingarnar fyrir bæði ár séu sambærilegar. Þar má sjá að hlutfallsleg fjölgun hefur verið í fjölda barna sem hafa fengið gerða einstaklingsbundna áætlun og á það fyrst og fremst um börn sem hafa fengið áætlun varðandi bæði skólann og í tengslum við aðra þjónustu. Þannig hefur þeim börnum sem ekki hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir fækkað úr 20% í 14% á milli árána 2018 og 2021.

Tafla 42. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun fyrir hana/hann um þá þjónustu og stuðning sem hún/hann fær, í skólanum eða annars staðar?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda*	
Í skólanum	415	80%	 80%
Já, í tengslum við aðra þjónustu	170	33%	 33%
Nei	72	14%	 14%
Á ekki við, er ekki með þjónustu	12	2%	 2%
Fjöldi svarenda	522	128%	
Veit ekki / vil ekki svara	15		
Alls	537		

*Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti




Mynd 24. Hefur verið gerð einstaklingsbundin áætlun? – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir hvort einstaklingsbundna áætlunin fyrir barnið um þá þjónustu og stuðning sem það fær í tengslum við aðra þjónustu en í skólanum hefði verið unnin í samráði við fjölskylduna. Eins og sjá má í töflu 43 svöruðu langflestir á þá leið að áætlunin hefði annað hvort verið að öllu leyti unnin í samráði við fjölskylduna (71%) eða að nokkru leyti (26%). Þrír af hundraði sögðu að áætlunin hefði ekki verið unnin í samráði við fjölskylduna. Hér er um nokkra breytingu að ræða á milli kannana en árið 2018 sögðu 59% að áætlunin hefði verið unnin í samráði við fjölskylduna að öllu leyti og þriðjungur að nokkru leyti. Færri segja þar af leiðandi nú að áætlunin hafi ekki verið unnin í nokkru samráði við fjölskyldu barnsins, samanborið við 2018.

Tafla 43. Var áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Já, að öllu leyti	121	71%	71%
Já, að nokkru leyti	44	26%	26%
Nei	5	3%	3%
Fjöldi svara	170	100%	
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	367		
Alls	537		




Mynd 25. Var áætlunin unnin í samráði við fjölskylduna? – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Meirihluti svaraði því til að skipaður hefði verið málstjóri fyrir barnið sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður á milli þjónustukerfa, eða 60% svarenda eins og sjá má í töflu 44. Nánari greining bendir til þess að eftir því sem börn eru eldri því ólíklegra sé að þau séu með málstjóra og hlutfallslega færri börn á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, hafa fengið skipaðan málstjóra en börn búsett annars staðar (sjá viðauka, tafla 26). Varðandi samanburð á milli ára hefur orðið þó nokkur aukning í fjölda barna sem hafa fengið skipaðan málstjóra, en árið 2018 sögðu 37% svarenda að skipaður hefði verið málstjóri fyrir barnið sem væri tengiliður á milli þjónustukerfa (sjá mynd 26).

Tafla 44. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir hana/hann sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður á milli þjónustukerfa?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Já	291	60%	60%
Nei	198	40%	40%
Fjöldi svara	489	100%	
Á ekki við, er ekki með þjónustu	18		
Veit ekki / vil ekki sv. ara	30		
Alls	537		




Mynd 26. Hefur verið skipaður málstjóri fyrir hana/hann sem samhæfir þjónustuna og er tengiliður á milli þjónustukerfa? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru spurðir að því hversu lengi barnið hefði þurft að bíða eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti á sértækum stuðningi eða þjónustu að halda. Þriðjungur svarenda sagðist ekki hafa þurft að bíða en á móti sagði rúmur fimmtungur (21%) að barnið hefði þurft að bíða í tvö ár eða meira. Nánari útlistun svara er að finna í töflu 45. Þá nefndu 25 forsjáaraðilar að barnið hefði ekki enn fengið viðeigandi stuðning. Nánari greining svara sýnir að hlutfallslega fleiri börn sem koma af heimilum þar sem erfitt er að ná endum saman fjárhagslega hafa þurft að bíða lengi eftir viðeigandi stuðningi, þ.e. samanborið við börn af heimilum sem standa betur fjárhagslega. Marktækur munur er á svörum nú og 2018 að því leytinu til að hlutfallslega stærri hópur hafði beðið skemur nú, það er í tvo mánuði eða minna (18% samanborið við 24% árið 2018), en jafnframt sjáum við hlutfallslega fjölgun nú (21%) meðal þeirra barna sem hafa þurft að bíða í tvö ár eða lengur – borið saman við árið 2018 (16%) (sjá mynd 27).

Tafla 45. Hvað þurfti barnið að bíða lengi eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti sértækan stuðning eða þjónustu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Þurfti ekki að bíða	153	33%	33%
Minna en viku	8	2%	2%
Eina viku til tvær vikur	14	3%	3%
Rúmar tvær vikur til fjórar vikur	26	6%	6%
Einn til tvo mánuði	33	7%	7%
Rúma tvo mánuði til þrjá mánuði	17	4%	4%
Rúma þrjá mánuði til sex mánuði	32	7%	7%
Rúma sex mánuði til eitt ár	34	7%	7%
Eitt til tvö ár	45	10%	10%
Tvö ár eða meira	97	21%	21%
Fjöldi svara	459	100%	
Barnið hefur enn ekki fengið viðeigandi stuðning	25		
Veit ekki / vil ekki svara	53		
Alls	537		



Mynd 27. Hvað þurfti barnið að bíða lengi eftir að fá viðeigandi stuðning eftir að grunur vaknaði um að barnið þyrfti sérþækan stuðning eða þjónustu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021


Skóli og vinna

Meirihluti barnanna hverra forráðamenn svöruðu könnuninni var í grunnskóla, eða um það bil þrjú börn af hverjum fjórum (73%). Sjö af hundraði voru í leikskóla og fimmtungur í framhaldsskóla. Sex af hundraði voru ekki í skóla eins og sjá má í töflu 46. Ekki hefur orðið mikil breyting á hlutfallslegri skiptingu barnanna með tilliti til þess hvort þau sækja skóla, vinnu eða annað. Hlutfallslega fleiri börn sem spurt er um nú eru í framhaldsskóla, samanborið við 2018 þegar 14 af hundraði barna voru í framhaldsskóla (mynd 28).

Tafla 46. Er barnið í skóla eða vinnu?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda*	
Leikskóli	40	7%	7%
Grunnskóli	391	73%	73%
Framhaldsskóli	110	20%	20%
Í vinnu	14	3%	3%
Hvorki í skóla né vinnu	8	1%	1%
Er í sérhæfðu dagvistunarræði eða öðru	13	2%	2%
Fjöldi svara	576	107%	


*Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti




Mynd 28. Er barnið í skóla eða vinnu? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Af þeim börnum sem voru í framhaldsskóla var rétt tæpur helmingur þeirra (48%) í sérdeild eða á starfsbraut (mynd 29). Þá voru 29% í framhaldsskóla án stuðnings, 18 af hundraði með stuðningi en nánari upplýsingar vantaði fyrir 5% svarenda. Meirihluti grunnskólabarna, eða 54%, var í almennum grunnskóla með stuðningi, 16% í almennum grunnskóla án stuðnings og þriðjafur af hundraði barna voru annað hvort í sérdeild í almennum grunnskóla (15%) eða í sérskóla (15%). Langflest börnin sem voru í leikskóla voru í almennum leikskóla með stuðningi, eða níu börn af hverjum tíu. Fimm af hundraði voru í almennum leikskóla án stuðnings og sama hlutfall var í sérdeild í almennum leikskóla. Mynd 30 sýnir samanburð við árið 2018⁴ varðandi hlutfallslega skiptingu nemenda innan hvers skólastigs.

⁴ Hlutfallsleg skipting innan framhaldsskóla á mynd 30 er aðeins frábrugðin því sem fram kemur á mynd 29 en það er vegna þess að nánari upplýsingar vantar fyrir 5% svarenda barna í framhaldsskóla nú. Þeim er þar að leiðandi sleppt í samanburði.




Mynd 29. Hlutfallsleg skipting nemenda innan skólastigs



Mynd 30. Hlutfallsleg skipting nemenda innan skólastigs – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Mynd 31 sýnir hlutfallslega skiptingu ungmenna á vinnumarkaði eftir tegund vinnu. Af þeim ungmönnum sem voru á vinnumarkaði starfaði mikill meirihluti þeirra, um það bil fjórir af hverjum fimm, á almennum vinnumarkaði án stuðnings. Þá störfuðu 14% á almennum vinnumarkaði með stuðningi og sjö af hundraði unnu á vinnustað fyrir fatlað fólk. Samanburður við árið 2018 er ekki með öllu marktækur þar sem valmöguleikinn: *starfar á vinnustað fyrir fatlað fólk* var ekki fyrir hendi árið 2018, en þá sögðust 74% starfandi ungmenna vera á almennum vinnumarkaði án stuðnings en rúmur fjórðungur starfaði á almennum vinnumarkaði með stuðningi.




Mynd 31. Hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir tegund vinnu

Þátttakendur voru spurðir að því hversu ánægðir þeir væru með þá þjónustu sem barnið fengi í skólanum. Meirihluti svarenda var annað hvort mjög (46%) eða frekar (34%) ánægður. Rétt tæp tíu af hundraði voru annað hvort frekar (6%) eða mjög óánægð (3%) en tíundi hver sagðist hvorki ánægður né óánægður. Ekki er um marktækan mun að ræða þegar svör nú eru borin saman við svör frá 2018 (tafla 47 og mynd 32).


Tafla 47. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í skólanum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög ánægð(ur)	228	46%	46%
Frekar ánægð(ur)	170	34%	34%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	49	10%	10%
Frekar óánægð(ur)	32	6%	6%
Mjög óánægð(ur)	14	3%	3%
Fjöldi svara	493	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	44		
Alls	537		



Mynd 32. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í skólanum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Ánægja með þjónustu í skóla var greind nánar eftir skólastigi. Eins og fram kemur á mynd 33 leiðir greiningin í ljós að hlutfallslega flestir voru ánægðir með þá þjónustu sem börn í leikskóla fengu, eða 95%: 62% svarenda voru mjög ánægðir og þriðjungur frekar ánægður. Álíka margir hlutfallslega lýstu sig ánægða með þjónustu í grunnskólum og framhaldsskólum, eða í kringum fjórir af hverjum fimm. Þó voru hlutfallslega fleiri mjög ánægðir með þjónustuna í framhaldsskóla (50%) en í grunnskóla (44%). Ekki reyndist marktækur munur á milli ára þegar ánægja með þjónustu í skóla eftir skólastigi var skoðuð, sem að hluta skýrist af of fáum svörum undir hverjum flokki fyrir sig (sjá mynd 33).




Mynd 33. Ánægja með þjónustu í skóla eftir skólastigi

Þátttakendur voru spurðir hvort barnið væri í frístundaþjónustu eftir skóla, í skólafríum eða bæði. Eins og fram kemur í töflu 48 þá sagði meirihluti svarenda að barnið væri ekki í frístundaþjónustu, eða 54%. Um það bil fimmtungur (21%) sagði barnið vera í frístundaþjónustu eftir skóla og fjórðungur að það væri í frístundaþjónustu bæði eftir skóla og í skólafríum. Hlutfallslega fleiri börn í Reykjavík, samanborið við börn utan Reykjavíkur, var í frístundaþjónustu (sjá töflu 29 í viðauka). Þá voru börn líklegri til þess að vera í frístundaþjónustu eftir því sem þau voru yngri. Enginn munur er á svörum nú, samanborið við árið 2018 (sjá mynd 34).

Tafla 48. Er hann/hún í frístundaþjónustu eftir skóla, í skólafríum eða bæði eftir skóla og í skólafríum?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Já, eftir skóla	76	21%	21%
Já, í skólafríum	2	1%	1%
Já, bæði eftir skóla og í skólafríum	90	25%	25%
Nei	198	54%	54%
Fjöldi svara	366	100%	
Veit ekki / vil ekki svara / á ekki við	171		
Alls	537		




Mynd 34. Er hann/hún í frístundaþjónustu eftir skóla, í skólafríum eða bæði eftir skóla og í skólafríum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur með börn í frístundaþjónustu voru spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustuna sem barnið fær í frístundinni. Mikill meirihluti svarenda, fjórir af hverjum fimm, sagðist vera frekar (33%) eða mjög (47%) ánægður með þá þjónustu sem barnið fær. Þrettán af hundruði sögðust hvorki vera ánægð né óánægð en 7% svarenda voru annað hvort frekar (5%) eða mjög (2%) óánægð (tafla 50). Ekki var um marktækan mun að ræða þegar svör voru borin saman við þau frá árinu 2018 (mynd 35).

Tafla 49. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í frístundinni?

	Fjöldi	Hlutfall sv. arenda	
Mjög ánægð(ur)	78	47%	47%
Frekar ánægð(ur)	55	33%	33%
Hv orki ánægð(ur) né óánægð(ur)	21	13%	13%
Frekar óánægð(ur)	9	5%	5%
Mjög óánægð(ur)	4	2%	2%
Fjöldi svara	167	100%	
Veit ekki / vil ekki sv. ara / á ekki við	370		
Alls	537		



Mynd 35. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem hann/hún fær í frístundinni? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021


Þeir þátttakendur sem svöruðu því að barnið væri ekki í frístund eftir skóla eða í skólafríum voru spurðir út í ástæðu þess. Meirihluti, eða 54%, sagði ekki þörf fyrir frístund og rétt tæplega þriðjungur (32%) sagði að engin slík þjónusta væri í boði fyrir barnið. Sjö af hundraði svarenda sögðust vera óánægð með þjónustuna sem veitt væri í frístundinni en rúmlega fimmtungur nefndi aðra ástæðu (sjá töflu 51). Þegar svör nú eru borin saman við svör frá 2018 má sjá á mynd 36⁵ að fleiri segja að ekki sé þörf á frístund nú, eða 54% samanborið við 45% árið 2018. Þá nefndu fleiri árið 2018, eða 42%, að engin slík þjónusta væri í boði.

⁵ Ekki reyndist unnt að reikna niðurstöðu marktækniþrófs vegna framsetningar spurninganna 2018 og nú.

Tafla 50. Hver er ástæða þess að hann/hún er ekki í frístund eftir skóla eða í skólafríum?

	Hlutfall		
	Já	svarenda*	
Ekki þörf fyrir frístund	106	54%	54%
Óánægja með þjónustuna sem veitt er í	13	7%	7%
Engin slík þjónusta í boði fyrir barnið	63	32%	32%
Barnið er á biðlista	2	1%	1%
Þjónustan er of kostnaðarsöm	5	3%	3%
Önnur ástæða	35	18%	18%
Fjöldi svarenda*	198	113%	
Ekki merkt við / á ekki við	339		
Alls	537		

*Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti




Mynd 36. Hver er ástæða þess að hann/hún er ekki í frístund eftir skóla eða í skólafríum? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Annað

Þátttakendur voru spurðir hvort barnið hafi gert eitthvað af eftirfarandi í sumarfríu sínu síðasta sumar: Farið í sumarbúðir, farið í ferðalag innanlands, farið til útlanda eða á leikjanámskeið. Rétt rúmlega þrjú af hverjum fjórum (76%) sögðu að barnið hefði farið í ferðalag þar sem var gist og tveir þriðju að farið hefði verið í ferðalag án þess að gista. Þriðjungur svarenda sagði barnið hafa farið á leikjanámskeið og 17% að barnið hefði farið í sumarbúðir. Þá sögðu 13% þátttakenda að barnið hefði farið erlendis. Þátttakendur voru beðnir um að merkja við allt sem við átti og því fer svarhlutfall yfir 100%. Nánari greining sýnir að börn sem koma af heimilum sem komast vel af fjárhagslega voru líklegri til þess að hafa farið í ferðalag (með eða án gistingu) en börn af heimilum sem eru síður stödd fjárhagslega (sjá viðauka, töflur 38 og 39). Hlutfallslega færri börn fóru erlendis í frí nú, samanborið við árið 2018, þegar 44% barna fóru til útlanda í frí. Þá fóru hlutfallslega færri börn í ferðalag innanlands nú en 2018 þegar 73% barna fóru í ferðalag án þess að gista og 84% barna fóru í ferðalag innanlands og gistu (sjá mynd 37).

Tafla 51. Gerði barnið eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu sínu síðasta sumar? Fór í sumarbúðir, ferðalag innanlands án þess að gista, ferðalag innanlands þar sem var gist (hér er ekki átt við sumarbúðir), til útlanda, á leikjanámskeið eða annað sumarnámskeið fyrir börn.

	Já	Nei	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Fór í sumarbúðir	92	442	534	17%
Fór í ferðalag innanlands án þess að gista	356	176	532	67%
Fór í ferðalag innanlands þar sem var gist	407	127	534	76%
Fór til útlanda	70	463	533	13%
Fór á leikjanámskeið eða annað sumarnámskeið	178	355	533	33%




Mynd 37. Gerði barnið eitthvað af eftirfarandi í sumarfríinu sínu síðasta sumar? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Þátttakendur voru beðnir um að svara því hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustuna sem barnið væri að fá þegar á heildina væri litið. Rúmlega tveir af hverjum þremur svarendum sögðust vera annað hvort mjög (21%) eða frekar (47%) ánægðir. Tíundi hver sagðist frekar óánægður og þrír af hundraði sögðust vera mjög óánægðir. Rétt tæpur fimmtungur sagðist hvorki ánægður né óánægður (19%) eins og sjá má í töflu 52. Samanburður sýnir að aðeins færri svarendur segjast vera frekar eða mjög ánægðir nú samanborið við árið 2018, þegar 71% svarenda var annað hvort mjög (31%) eða frekar (40%) ánægður með þjónustuna sem barnið væri að fá (sjá mynd 38).

Tafla 52. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem barnið er að fá?

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	
Mjög ánægð(ur)	110	21%	21%
Frekar ánægð(ur)	246	47%	47%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	100	19%	19%
Frekar óánægð(ur)	51	10%	10%
Mjög óánægð(ur)	16	3%	3%
Fjöldi svara	523	100%	
Veit ekki / vil ekki svara	14		
Alls	537		



Mynd 38. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustuna sem barnið er að fá? – Samanburður á svörum árin 2018 og 2021

Forsjáraðilar barna sem nýta þjónustu fengu tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri varðandi umfjöllunarefni könnunarinnar. Alls bárust 409 athugasemdir frá 261 svarenda. Jákvæðar athugasemdir voru 57. Flestar athugasemdirnar lýstu ánægju með skóla barnsins (18), ánægju með þjónustu (15) og starfsfólkið sem henni sinnir (13). Á hinn bóginn sneru flestar neikvæðu athugasemdir að skóla barnsins (37) – oftast varðandi grunnskóla (31) – skorti á fjölskyldu miðuðum stuðningi (28), ófullnægjandi upplýsingagjöf (25) eða skorti á þjónustu (24). Alls voru athugasemdir sem sneru að óánægju eða voru í formi ábendinga um það sem betur mætti fara 352. Í töflum 53-54 má sjá athugasemdirnar flokkaðar efnislega eftir innihaldi þeirra. Margir nefndu fleiri en eitt atriði og því er fjöldi athugasemda meiri en fjöldi þátttakenda sem svöruðu spurningunni.

Tafla 53. Forsjáraðilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Ánægja með þjónustu eða hrós

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Ánægja með þjónustu eða hrós	57	
Ánægja með skóla	18	
<i>Leikskóli</i>	4	- Barnið fékk mjög faglegan og góðan stuðning í leikskóla alveg frá því að grunur um einhverfu kom fram.
<i>Grunnskóli</i>	9	- Við erum mjög ánægð með alla þjónustu sem við höfum fengið í leik- og grunnskóla. - Er mjög ánægð með skólann, viðmótið þar, komið vel til móts við barnið.
<i>Framhaldsskóli</i>	5	- Skóli án aðgreiningar hentaði honum illa á grunnskólaaldri, hann fékk vel að finna hversu öðruvísi og „glataður“ hann var á unglingsstiginu. Nú í Fjölbraut, á starfsbraut, blómstrar hann og er miklu glaðari með jafningjum sínum.
Almenn ánægja með þjónustu	15	- Mér finnst ótrúlega vel staðið að þjónustu barnsins. Ég hef ekkert út á þjónustuna að setja...nú!!! - Er bara sátt eins og er með þá þjónustu sem við fáum í dag.
Ánægja með starfsfólk	13	- Mætti segja flott fólk sem vinnur á stofnunum sem við höfum fengið þjónustu frá. - Starfsfólk félagsþjónustunnar er dásamlegt og vill allt fyrir okkur gera, við erum bara með góða reynslu af okkar þjónustu og samskiptum. Við erum með frábært teymi sem grípur okkur ef eitthvað er að.
Liðveisla	4	- Liðveislan er frábær og hjálpar gríðarlega en það leysir ekki allt.
Sumarbúðir	4	- Sumarbúðir í Vík í Mýrdal, það var mjög skemmtileg tilraun og mætti halda áfram með hana.
Önnur þjónusta	3	- Barn var í vinnuúrræði í sumar sem hún mærir mjög.

Tafla 54. Forsjáraðilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	352	
Óánægja með skóla	37	
<i>Leikskóli</i>	4	- Leikskólaganga var mikil þrautaganga. Skiptum þrisvar um leikskóla. Fengum aldrei almennilega þann stuðning sem við óskuðum.
<i>Grunnskóli</i>	31	- Forsjáraðili er mjög óánægð með allt í kringum skólann. Of margir nemendur og alls ekki nægur stuðningur á hvern nemanda. - Ég hef þurft að færa hann 2x um skóla til að fá þá þjónustu sem hann þarf.
<i>Framhaldsskóli</i>	2	- Þarf framhaldsskólinn að fara taka sig á, veita stuðning í tímum og miklu meiri fræðslu til framhaldsskólakennara svo þeir geti mætt fjölbreyttari hópi.
Auka þarf fjölskyldumiðaðan stuðning	28	- Það má fara markvisst að vinna og finna betri úrræði fyrir foreldra langveikra- og fatlaðra barna svo þeir brenni ekki út andlega og líkamlega. - Það þarf að vera betri stuðningur fyrir foreldra eftir að börn greinast með einhverja röskun. Þetta er alltaf ákveðið áfall fyrir foreldra þrátt fyrir að þá gruni að eitthvað sé að. - Væri líka þess virði að niðurgreiða [sálfræðiþjónustu] fyrir systkini - er of dýr til að nýta eins oft og maður vildi og líðan systkina getur gleymst í krefjandi aðstæðum.
Upplýsingagjöf ófullnægjandi	25	- Það vantar mikið upp á fræðslu um hvaða þjónusta er í boði og hvert á að leita. - Lítil upplýsingagjöf frá Tryggingastofnun og þjónustumiðstöðvum þegar barn fær greiningu, yfirleitt fá foreldrar upplýsingar frá öðrum foreldrum á Facebook en ekki frá þeim. - Upplýsingagjöf til foreldra fatlaðra barna er til háborinnar skammar.
Ónóg þjónusta	24	- Börn sem þurfa hjálp fá hana ekki því það eru svo mörg önnur börn sem þurfa meiri hjálp. Sem dæmi fékk barnið ekki inngöngu í einhverfudeild því hann var ekki nógu einhverfur, og engan stuðning í skólanum. - Sumir þurfa bara meiri stuðning. Það kemur enginn með þann aukastuðning sem hann þarf. - Er með greiningu og fær ekkert, er rólegur og hljóður og þar með útundan eða fær ekki þjónustu sem þarf. - Vantar þjónustu eftir skóla og þá daga sem skólinn er lokaður t.d á starfsdögum.
Þjónusta ekki nægilega einstaklingsmiðuð	22	- Þyrfti mun meiri sérhæfðari stuðning. Það þyrfti að vera hægt að aðlaga að hverjum einstakling. Margir einstaklingar eru með sama nafn á skerðingu en samt eru þeir gjörólíkir. Félagsþjónustan þarf að koma betur til móts við fólk. - Barnið mitt fellur á milli, hann er ekki nógu fatlaður til að fá ákveðna þjónustu en svo of fatlaður til að fá að vera með í öðru. Það vantar verulega aðstoð fyrir þessi börn. - Mætti bæta þjónustu við einhverfa einstaklinga, ekki settir undir sama hatt og þeir með þroskaskerðingu. Samnýtt þjónusta er ekki passandi.

Tafla 54 (framhald). Forsjáraðilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar.

Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	352	
Samþættingu skortir á milli kerfa	22	<ul style="list-style-type: none"> - Meiri samvinnu milli stofnana bæjarins, sveitarfélagsins, meiri teymisvinnu, að það sé samhæfðari áætlun og markmið og allt svoleiðis, maður sé ekki að fara þangað og þangað og þangað og alltaf sama sagan, segja alltaf sama hlutinn á öllum stofnunum. - Mikilvægi þess að heildarsýn sé á aðstoð við barnið svo aðilar sem að málum koma vinni betur saman. - Kerfin tala ekki saman, líka ekki inn í skólakerfinu, vantar mikið uppá til að vera ánægð vegna þess.
Vantar snemmtæka íhlutun	19	<ul style="list-style-type: none"> - Ég byrjaði að benda á þetta og óska eftir aðstoð þegar hún var á leikskóla en það var ekki fyrr en hún var komin í 5. bekk í grunnskóla sem eitthvað var tekið mark á því. - Finnst að skólar megi vera duglegri að senda börn í greiningar ef foreldrar halda að það sé ekki eitthvað í lagi þó þeir sjái það ekki. - Hann fékk ekki greiningu, ekki hoppandi upp á borði öskrandi og grenjandi, erum öll misjöfn, getum verið með raskanir án þess að sýna það mikið. - Það hefði getað orðið miklu meira úr honum hefði hann fengið aðstoð strax, hann átti svo mikið inni, hann hefði getað verið kominn miklu lengra í þroska hefði hann fengið aðstoð strax.
Sífelld barátta fyrir þjónustu	17	<ul style="list-style-type: none"> - Það er vinna í að berjast á kerfinu. Ekkert kemur á silurfati og þarf að banka, banka, og banka þangað til einhver opnar. - Sú þjónusta sem barnið hefur núna er þjónusta sem [forsjáraðili] þurfti að berjast harkalega fyrir.
Skortur á jafnræði í þjónustu eftir landssvæðum	16	<ul style="list-style-type: none"> - Vantar meiri þjónustu fyrir börn með skerðingar utan höfuðborgarsvæðisins. Vantar jafnræði. - Í [bæjarfélagi A] fékk barnið 50% stuðning en [í bæjarfélagi B] fékk það 100% stuðning sem var ástæða þess að forsjáraðili sá sig knúinn til að flytja.
Vantar samhæfingaraðila og betra utanumhald um þjónustu	16	<ul style="list-style-type: none"> - Einhver sem heldur utan um allt dæmið, svo við þurfum ekki að vera alltaf eins og uppreittir hanar alls staðar. - Okkar málssvari ekki að upplýsa okkur um þá þjónustu sem er í boði. Vantar miklu betra utanumhald.
Vöntun á talþjálfun	14	<ul style="list-style-type: none"> - Barnið er með alvarlega málþroskaröskun og bið eftir talþjálfun í 3 ár er mjög skemmandi fyrir barnið, félagslega og andlega, svona löng bið eftir þjálfun er fyrir neðan allar hellur.
Ófullnægjandi þjónusta skerðir þátttöku foreldra á vinnumarkaði	14	<ul style="list-style-type: none"> - Er heimavinnandi með hann. Gæti ekki hafa stundað vinnu. - Ég get ekki starfað í 100% á daginn vegna þess að það er ekki hægt að skilja barnið eftir eitt heima eftir skóla. Ég hef þurft að afþakka gírnilega og mjög vel launaða vinnu vegna drengsins og okkar aðstæðna.
Liðveisla nýtist takmarkað vegna mannekleu og reynsluleysis starfsfólks	13	<ul style="list-style-type: none"> - Liðveislur hafa enst mjög stutt og eru misjafnlega í stakk búnar til að takast á við barnið sökum áhuga eða þroska/ungs aldurs þeirra. - Var erfitt að fá í liðveisluna, löng bið og ekki besta fólkið sem valdist í þessi störf - Illa gengur að fá almennilega liðveislu.
Fjölskyldum sniðinn þróngur fjárhagslegur stakkur	13	<ul style="list-style-type: none"> - Minnkað tækifæri til tekjuöflunar, skilur ekki flogaveikt barn eftir, allt annað en venjulegt, dulinn kostnaður [...] mikill afkomaótti. - Foreldragreiðslur mættu vera hærrí og meiri sveigjanleiki í þeim. Mannúðlegri gagnvart foreldrum.

Tafla 54 (framhald). Forsjáradilar: Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum? – Óánægja með þjónustu eða ábendingar.


Yfirflokkar	Fjöldi	Dæmi um svör
Óánægja með þjónustu eða ábendingar	352	
Heilbrigðisþjónusta ófullnægjandi	11	- Mesta áskorun fjölskyldunnar er að komast ekki að hjá barnageðlækni til þess að fá réttu lyfin fyrir barnið. - Þyrfti að vera miklu betra aðgengi að sálfræðiþjónustu, bæði fyrir börnin og fjölskylduna.
Mannekla/starfsmannabreytingar	9	- Mætti vera fleira starfsfólk í félagsþjónustunni, löngu sprungið. - Mönnun ekki nægileg og óreynt starfsfólk í umönnun fatlaðra barna.
Þörf á að styrkja betur félagslíf og rjúfa einangrun	7	- Minn sonur var félagslega einangraður í sínum árgangi og eiginlega alla skólagönguna.
Stuðningsfjölskylduúrræði nýtist takmarkað	7	- Ekki ánægð með að það sé ekki stuðningsfjölskylda.
Stuðning og fagþekkingu skortir í frístundastarf	7	- Ég er mjög óánægð með þá þjónustu sem ég fæ í frístund. Barnið yfirleitt bundið í kerru allan tímann því hann er svo aktívur og erfiður. Of erfiður fyrir þetta unga og óreynda starfsfólk.
Stuðning vantar í íþróttastarfi	7	- Meiri stuðningur fyrir íþróttir þannig að börn geti stundað íþróttir með stuðningi.
Áhyggjur hvað gerist þegar börn verða sjálfráða	6	- Ákveðið "tómurúm" myndast þegar barn með fötlun verður 18 ára. Það þarf að skoða líf fatlaðs fólks sem eina heild. Fötlðu börnin verða ekki endilega fullorðin þó svo þau verða 18 ára.
NPA hentar ekki	5	- Varðandi NPA þá höfum við ekki tök á né áhuga á að fá starfsfólk inn á okkar heimili.
Skammtímadvöl nýtist ekki	4	- Ekki skammtímadvöl í júlí, allt lokað. Finnst að þetta eigi að vera opið.
Aksturs- og ferðaþjónusta er ábótavant	3	- Átti að koma bíll og keyra hann í sjúkrahjálfun, hann kom ýmist of seint eða/og var dónalegur. Þetta skapaði kvíða og við hættum, var erfið reynsla.
Önnur/almenn óánægja	6	- Það mætti gera betur. Þarf virkilega að bæta sig á öllum sviðum hvað varðar fatlaða og langveika einstaklinga. - Það þarf bara að gera betur og hlusta meira á foreldrana, foreldrar þekkja börnin sín best.

3. NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL ÞJÓÐARÚRTAKS





Um þátttakendur

Töflur 55 til 63 sýna upplýsingar um þátttakendur netpanelsins. Svör þeirra voru greind eftir átta bakgrunnspáttum; kyni, aldri, hjúskaparstöðu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, heimilistekjum og því hvort þátttakendur væru fatlaðir eða þekktu til einhvers í nánustu fjölskyldu eða vinahópi sem tilheyrir þeim hópi. Í viðauka má finna spurningar könnunarinnar greindar eftir þessum bakgrunnspáttum.




Tafla 55. Kyn þátttakenda

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Karl	417	422	 51%
Kona	404	399	 49%
Fjöldi alls	821		100%




Tafla 56. Aldur þátttakenda

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
18–29 ára	71	165	 20%
30–44 ára	168	224	 27%
45–59 ára	260	217	 26%
60 ára og eldri	322	214	 26%
Fjöldi alls	821		100%




Tafla 57. Búseta þátttakenda

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	287	293	 36%
Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur	243	231	 28%
Landsbyggðin	291	297	 36%
Fjöldi alls	821		100%





Tafla 58. Hjúskaparstaða þátttakenda

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Ekki í sambúð eða hjónabandi	196	254	 32%
Í sambúð	130	159	 20%
Í hjónabandi	477	387	 48%
Fjöldi	803		100%
Svarar ekki	18	20	
Fjöldi alls	821		





Tafla 59. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Grunnskólamenntun	88	210	 26%
Framhaldsskólamenntun	297	295	 37%
Háskólamenntun	408	288	 36%
Fjöldi	793		100%
Vil ekki svara	28	28	
Fjöldi alls	821		

Tafla 60. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Í launuðu starfi	438	436	 55%
Sjálfstætt starfandi / atvinnurekandi	85	72	 9%
Á eftirlaunum	158	104	 13%
Önnur staða á vinnumarkaði	125	188	 24%
Fjöldi	806		100%
Veit ekki	0	0	
Vil ekki svara	15	21	
Fjöldi alls	821		

Tafla 61. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur þitt aðalstarf?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Stjórnendur og sérfræðingar	271	212	 43%
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk	87	79	 16%
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	94	130	 27%
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	55	69	 14%
Fjöldi	507		100%
Ekki í starfi	283	292	
Vil ekki svara	31	38	
Fjöldi alls	821		

Tafla 62. Hverjar eru heildartekjur heimilisins að jafnaði á mánuði fyrir skatt?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
400 þús. kr. eða lægri	84	134	20%
401–600 þús. kr.	119	126	19%
601–900 þús. kr.	152	156	24%
901–1100 þús. kr.	73	60	9%
1101–1500 þús. kr.	117	99	15%
Hærri en 1,5 milljón kr.	117	88	13%
Fjöldi	662		100%
Svarar ekki	159	159	
Fjöldi alls	821		

Tafla 63. Telur þú sjálfa(n) þig vera fatlaða(n) eða er einhver í nánustu fjölskyldu þinni eða vinahópi sem tilheyrir þeim hópi?


	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Já, ég sjálf/ur	20	20	3%
Já, í fjölskyldu eða vinahópi	231	218	28%
Já, bæði ég og einhver í fjölskyldu/vinahópi	16	21	3%
Nei	532	531	67%
Fjöldi	799		100%
Veit ekki	14	20	
Vil ekki svara	8	11	
Fjöldi alls	821		

Viðhorf og þekking

Þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Einungis 1% þátttakenda þekkti mjög vel til samningsins og um 12% frekar vel en 45% þekktu hann mjög illa (sjá töflu 64). Ekki var munur á svörum nú og í könnun frá 2018 (sjá mynd 39).

Tafla 64. Hversu vel eða illa þekkir þú til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Mjög vel	9	7	1%
Frekar vel	109	95	12%
Frekar illa	342	319	41%
Mjög illa	329	351	45%
Fjöldi	789		100%
Veit ekki	25	39	
Vil ekki svara	7	10	
Fjöldi alls	821		




Mynd 39. Hversu vel eða illa þekkir þú til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks? – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Í könnuninni var spurt um viðhorf til fólks með ólíkar skerðingar og þátttöku þeirra á mismunandi stöðum þjóðlífsins. Spurt var hversu sáttir eða ósáttir þátttakendur væru við að fólk með ákveðnar skerðingar sæti á Alþingi fyrir þeirra kjördæmi, starfaði við umönnun barna þeirra eða barna sem þeir þekktu í leik- eða grunnskóla, afgreiddi þá í verslun, starfaði með þeim að félagsmálum og starfaði með þeim á vinnustað þeirra. Tilviljun réði hjá hverjum þátttakanda fyrir sig hvort spurt var um blindan eða heyrnarlausan einstakling, einstakling með þroskahömlun, einstakling með hreyfihömlun eða einstakling með geðsjúkdóm. Auk þess að mæla viðhorf til þátttöku fólks með ólíkar skerðingar var spurningunum ætlað að mæla hvort viðhorf væru ólík eftir kyni, þ.e. hvort

um væri að ræða fatlaðan karl eða fatlaða konu. Því var í spurningunum tilgreint sérstaklega hvort um væri að ræða konu eða karl með skerðingu, helmingur þátttakenda fékk spurningar þar sem spurt var um þáttöku kvenna með tiltekna skerðingu (t.d. þroskahömlun) og hinn helmingurinn spurningar um þáttöku karla með sömu skerðingu. Ekki reyndist þó vera munur eftir því hvort spurt væri um karl eða konu. Niðurstöður eru sýndar í myndum 40-48. Þess ber að geta að einhverjir svarendur kusu að svara ekki einstaka spurningum.


Mynd 40 sýnir að nokkur munur er á viðhorfum þátttakenda í garð fólks með ólíkar skerðingar þegar spurt var um afstöðu til þess að fatlað fólk sæti á Alþingi fyrir þeirra kjördæmi. Mikill meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar sáttur við að fólk með hreyfihömlun eða blint eða heyrnarlaust fólk sæti á Alþingi (96-97%). Þá voru 30% frekar eða mjög ósátt við að fólk með þroskahömlun sæti á Alþingi fyrir þeirra kjördæmi og 21% mjög eða frekar ósátt við að fólk með geðsjúkdóm sæti á Alþingi.

Þegar svör voru skoðuð eftir bakgrunni þátttakenda mátti sjá að konur voru líklegri en karlar til að vera sáttar við að blint eða heyrnarlaust fólk sæti á Alþingi og þátttakendur með grunnskólamenntun var líklegri til að vera sátt við að fólk með þroskahömlun sæti á Alþingi fyrir þeirra kjördæmi en þátttakendur með framhalds- eða háskólamenntun. Þátttakendur í elsta og yngsta aldurshópi voru ólíklegri til að vera sáttir við að fólk með geðsjúkdóm sinni slíkri vinnu og þeir sem voru búsettir á landsbyggð eða í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur voru ólíklegri til að vera sáttir en þeir sem bjuggu í Reykjavík (sjá töflur 44-47 í viðauka).



Mynd 40. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með tilteknar skerðingar sæti á Alþingi?


Á mynd 39 má sjá að hlutfallslega fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að blint eða heyrnarlaust fólk sæti á Alþingi nú en í könnun frá árinu 2018.



Mynd 41. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar sæti á Alþingi – Samanburður á svörum 2018 og 2021


Aðspurðir um viðhorf til starfa fatlaðs fólks við umönnun barna þeirra eða barna sem þeir þekkja í leikskóla eða grunnskóla voru hlutfallslega fleiri mjög eða frekar sáttir við að fólk með hreyfihömlun (87%) og blint fólk eða heyrnarlaust (82%) sinni slíkum störfum en fólk með þroskahömlun (71%) og fólk með geðsjúkdóm (61%) (sjá mynd 42).

Töflur í viðauka sýna að konur voru heldur líklegri en karlar til að vera jákvæðar gagnvart starfi fatlaðs fólks við umönnun barna í leik- og grunnskóla. Þá voru hlutfallslega fleiri svarendur af landsbyggðinni en úr Reykjavík eða nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur sáttir við störf fólks með þroskahömlun við umönnun barna. Svarendur úr Reykjavík voru hins vegar líklegri til að vera sáttir með að blint eða heyrnarlaust fólk eða fólk með hreyfihömlun myndir vinna við umönnun barna en svarendur úr öðrum sveitarfélögum. Þátttakendur með framhaldsskólamenntun voru síður sáttir en svarendur með grunnskóla- eða háskólamenntun með að fatlað fólk ynni við umönnun barna (sjá töflur 48-51 í viðauka).




Mynd 42. Hversu sáttn(ur) eða ósáttn(ur) værir þú með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði við umönnun barna þinna eða barna sem þú þekkir í leikskóla eða grunnskóla?

Ekki var munur á svörum á könnunum árána 2018 og 2021 (sjá mynd 43).




Mynd 43. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttnir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði við umönnun barna þeirra eða barna sem þeir þekkja í leikskóla eða grunnskóla? – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Flestir þátttakendur voru mjög eða frekar sáttnir við að fólk með ólíkar skerðingar afgreiddi þá í verslun. Hlutfallslega flestir sögðust mjög sáttnir við að vera afgreiddir af fólk með hreyfihömlun (74%) en fólk með aðrar skerðingar (60-68%) (sjá mynd 44). Bakgrunnsgreining sýnir að konur voru alla jafna aðeins sáttnari en karlar við að fólk með fötlun afgreiddi sig í verslun og hlutfallslega fleiri þátttakendur úr Reykjavík og nágrennasveitarfélögum voru sáttnir við að einstaklingur með geðsjúkdóm afgreiddi sig í verslun en þátttakendur af landsbyggðinni (sjá töflur 52-55 í viðauka).



Mynd 44. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með tiltekna skerðingar afgreiddi þig í verslun?


Hlutfallslega fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að blindur eða heyrnarlaus einstaklingur afgreiddi þá í verslun í könnuninni 2021 en í könnuninni frá 2018 eða 94% samanborið við 91%. Það sama mátti segja um viðhorf til þess að hreyfihamlaður einstaklingur myndi afgreiða í verslun, eða 96% voru mjög eða frekar sátt 2021 samanborið við 95% í könnuninni frá 2018 (sjá mynd 45).



Mynd 45. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tiltekna skerðingar afgreiddi þá í verslun – Samanburður á svörum 2018 og 2021


Mynd 46 sýnir að meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar sáttur við að fólk með ólíkar skerðingar starfaði með sér að félagsmálum. Fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að starfa með blindu eða heyrnarlausu fólki (98%), fólki með hreyfihömlun (98%) og fólki með þroskahömlun (97%) en með fólki með geðsjúkdóma (90%). Einhver munur var á svörum eftir menntun þátttakenda: Eftir því sem menntunarstig var hærra var fólk var líklegra til að vera mjög eða frekar sátt við að fólk með geðsjúkdóma starfaði með því að félagsmálum. Einnig mátti sjá að fatlað fólk eða fólk sem á fatlað

fólk í fjölskyldu sinni eða vinahóp var líklegra til að vera mjög eða frekar sátt (sjá töflur 56-59 í viðauka).



Mynd 46. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með eftirfarandi skerðingar starfaði með þér að félagsmálum (t.d. í íþróttafélaginu þínu eða í félagasamtökum)?


Þegar svör frá 2021 voru borin saman við svör frá 2018 mátti sjá örlítinn mun á afstöðu þátttakenda til þess að fólk með tilteknar skerðingar starfaði með þeim að félagsmálum. Hlutfallslega fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að fólk með þroskahömlun ynni með þeim að félagsmálum í könnuninni frá 2021 en í könnuninni frá 2018 eða 95% samanborið við 93% (sjá mynd 47).



Mynd 47. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði með þeim að félagsmálum – Samanburður á svörum 2018 og 2021


Meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar sáttur við að fólk með ólíkar skerðingar starfaði með þeim á vinnustað þeirra (sjá mynd 48). Hlutfallslega fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að starfa

með fólki með hreyfihömlun (95%), blindu eða heyrnarlausu fólki (94%) og fólki með þroskahömlun (93%) en með fólki með geðsjúkdóma (88%). Munur var á svörum eftir aldri en eftir því sem fólk var yngra var það líklegra til að vera mjög eða frekar sátt að vinna með fólki með geðsjúkdóm. Einnig var fólk sem búsett var í Reykjavík eða í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur líklegra til að vera sátt við að vinna með fólki með geðsjúkdóm á vinnustaðnum sínum, sem og háskólamenntaðir. Þá voru konur að jafnaði oftari en karlar líklegri til að segjast vera sátt með að starfa með fötluðu fólki á sínum vinnustað (sjá töflur 60-63 í viðauka).



Mynd 48. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) værir þú með að fólk með eftirfarandi skerðingar starfaði með þér á vinnustað þínum?

Munur var á svörum á milli kannana þegar spurt var hvort þátttakendur væru sáttir með að fólk með tiltekna skerðingar ynni með þeim á vinnustað. Hlutfallslega fleiri voru mjög eða frekar sáttir við að fólk með þroskahömlun ynni með þeim í könnuninni frá 2021 en í könnuninni frá 2018 eða 91% samanborið við 89% og einnig voru hlutfallslega fleiri sáttir í könnuninni nú með að fólk með hreyfihömlun starfaði með þeim, 93% samanborið 91% (sjá mynd 49).




Mynd 49. Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sáttir með að fólk með tilteknar skerðingar starfaði með þeim á vinnustaðnum þeirra – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Þátttakendur voru því næst beðnir að taka afstöðu til fullyrðinga sem ætlað var að varpa ljósi á viðhorf og fordóma í garð fatlaðs fólks (sjá töflu 65). Meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni um að fatlað fólk þvælist fyrir og sé oft til vandræða. Þegar rýnt er í bakgrunnsgreiningu (tafla 64) sést að konur voru líklegri til að vera mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni en karlar (93% kvenna á móti 89% karla). Ekki var munur á svörum nú og í könnun frá 2018 (sjá mynd 50).

Tafla 65. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk þvælist fyrir og er oft til vandræða

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	16	13	2%
Frekar sammála	13	12	2%
Hvorki né	45	45	6%
Frekar ósammála	124	115	15%
Mjög ósammála	599	603	77%
Fjöldi	797		100%
Veit ekki	7	8	
Vil ekki svara	17	24	
Fjöldi alls	821		




Mynd 50. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk þvælist fyrir og er oft til vandræða – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Um þriðjungur þátttakenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni um að þeir vorkenndu fötluðu fólk (sjá töflu 66). Í viðauka má sjá að þátttakendur sem lokið höfðu háskólanámi voru síður sammála fullyrðingunni en þátttakendur sem höfðu lokið grunnskóla- eða framhaldsskólanámi (viðauki, tafla 65). Ekki var munur á svörum nú og í könnun frá 2018 (sjá mynd 51).

Tafla 66. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég vorkenni fötluðu fólk

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	69	64	8%
Frekar sammála	185	194	25%
Hvorki né	263	263	34%
Frekar ósammála	134	124	16%
Mjög ósammála	134	124	16%
Fjöldi	785		100%
Veit ekki	16	24	
Vil ekki svara	20	28	
Fjöldi alls	821		




Mynd 51. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég vorkenni fötluðu fólki – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Um helmingur þátttakenda (51%) taldi fatlað fólk standa jafnt öðru fólki en 38% var mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 67). Bakgrunnsgreining sýnir að þátttakendur með háskólamenntun voru frekar ósammála fullyrðingunni en þátttakendur með grunnskólamenntun (48% á mótí 22%). Konur voru frekar sammála fullyrðingunni en karlar, sem og þeir þátttakendur sem voru á eftirlaunum, eða hvorki launþegar né sjálfstætt starfandi. Eftir því sem tekjur hækkðu því ólíklegra varð að svarendur væru sammála því að fatlað fólk stæði jafnt öðru fólki (sjá töflu 66 í viðauka). Ekki var munur á svörum nú og í könnun frá 2018 (sjá mynd 52).

Tafla 67. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk stendur jafnt öðru fólki

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	209	228	30%
Frekar sammála	152	155	21%
Hvorki né	89	85	11%
Frekar ósammála	195	188	25%
Mjög ósammála	116	98	13%
Fjöldi	761		100%
Veit ekki	35	39	
Vil ekki svara	25	27	
Fjöldi alls	821		




Mynd 52. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk stendur jafnt öðru fólki – Samanburður á svörum 2018 og 2021

Um 12% þátttakenda var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að fatlað fólk gefi minna af sér til samfélagsins en aðrir en 72% voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 68). Konur voru í meira mæli ósammála fullyrðingunni en karlar (83% á móti 62%) (sjá töflu 67 í viðauka). Ekki var munur á svörum nú og í könnun frá 2018 (sjá mynd 53).

Tafla 68. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk gefur minna af sér til samfélagsins en aðrir

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	13	14	2%
Frekar sammála	61	74	10%
Hvorki né	118	121	16%
Frekar ósammála	213	208	27%
Mjög ósammála	362	341	45%
Fjöldi	767		100%
Veit ekki	32	37	
Vil ekki svara	22	26	
Fjöldi alls	821		



Mynd 53. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fatlað fólk gefur minna af sér til samfélagsins en aðrir – Samanburður á svörum 2018 og 2021

HEIMILDIR

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2011). *Flutningur á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Flutningur á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga – Mat á yfirfærslu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Lög um þjónustu við fatlað fólk (nr. 59/1992).

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018).

Velferðarráðuneytið. (2017). *Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021*. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/146/s/1000.html>